

Á R S S K Ý R S L A

2002



R Í K I S S K A T T S T J Ó R I



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Stjórnunarskrifstofa	6
Skattaskrifstofa	11
Gjaldaskrifstofa	15
Eftirlitsskrifstofa	21
Skatteftirlit ríkisskattstjóra	24
Tæknideild	26
Skattafræðsla RSK	29
Úr dagbók RSK	30
Álagning einstaklinga og lögaðila	32



Á R S S K Ý R S L A

2002



Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2002 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti, auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri og forstöðumenn stjórnunarskrifstofu, skattaskrifstofu, gjaldaskrifstofu og eftirlitsskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

Ársreikningur RSK 2002

Rekstrarreikningur fyrir árið 2002

	2002	2001
Tekjur:		
Sértekjur	3.956.883	6.964.416
Tekjur samtals	3.956.883	6.964.416
 Rekstrargjöld:		
Launagjöld	347.683.561	326.445.830
Önnur starfstengd gjöld	10.169.828	10.639.356
Rekstrarvörur og risna	13.805.389	12.179.856
Prentun og póstburðargjöld	92.452.677	83.452.295
Aðkeypt þjónusta	21.140.899	19.215.145
Húsnæðiskostnaður	18.521.424	16.697.024
Rekstur skattvinnslukerfa	233.948.908	-
Rekstargjöld samtals	737.722.686	468.629.506
 Stofnkostnaður:		
Stofnkostnaður skattvinnslukerfa	57.168.770	
Annar stofnkostnaður og eignakaup	8.386.865	8.491.216
Gjöld alls	803.278.321	477.120.722
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	(799.321.438)	(470.156.306)
Ríkisframlag	789.370.000	482.840.000
Tekjuafgangur (halli)	(9.951.438)	12.683.694

Efnahagsreikningur fyrir árið 2002

Eignir:	2002	2001
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	49.008.505	26.425.794
Viðskiptakröfur	932.699	1.206.244
Handbært fé	21.961	220.366
Veltufjármunir samtals	49.963.165	27.852.404
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	14.955.726	2.272.032
Flutt frá 09-995	6.137.725	
Tekjuafgangur (halli) á árinu	(9.951.438)	12.683.694
Eigið fé samtals	11.142.013	14.955.726
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	145.160	178.020
Ógreidd gjöld	38.675.992	12.718.658
Skammtímaskuldir samtals	38.821.152	12.896.678
Skuldir og eigið fé alls	49.963.165	27.852.404

Sjóðstreymi árið 2002

Handbært fé frá rekstri:	2002	2001
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	(9.951.438)	12.683.694
Veltufjármunir samtals	(9.951.438)	12.683.694
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	334.654	(1.015.895)
Viðskiptaskuldir (lækkun)	19.993.474	3.157.826
Eigið fé samtals	20.328.128	2.142.030
Handbært fé frá rekstri	10.376.690	14.825.724
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á stöðu ríkissjóðs:		
Framlag ríkissjóðs	(789.370.000)	(482.840.000)
Greitt úr ríkissjóði	778.794.905	468.067.424
Fjármögnunarhreyfingar	(10.575.095)	(14.772.576)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(198.405)	53.049
Handbært fé í ársbyrjun	220.366	167.218
Handbært fé í árslok	21.961	220.267

Áritun endurskoðenda

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, júní 2003
 Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi
 Ingi K. Magnússon

Á árinu 2002 hélt RSK áfram þeirri þróun sem verið hefur í gangi á síðustu árum og miðar að því að bæta þjónustu við skattborgarana með því að einfalda samskipti þeirra við skattkerfið og auka skilvirkni þess ásamt því að gera því kleift að sinna síauknum verkefnum með sem hagkvæmustum hætti. Skattborgurum hefur fjölgað af ýmsum ástæðum og nýjum verkefnum hefur verið bætt við hjá embættinu án þess að samsvarandi aukning hafi orðið á umfangi embættisins og kostnaði við það.

Á sviði rafrænnar þjónustu ber rafrænu framtalsskilin hæst. Á árinu 2002 voru þau ásamt forskráningu upplýsinga þróuð frekar. Mesta breytingin í þeim efnum var að forskrá upplýsingar frá Íbúðalánasjóði á framtöl manna en einnig var ákveðið að bjóða öllum launagreiðendum upp á að launamiðaupplýsingar þeirra yrðu forskráðar en árið áður náði það einungis til stærstu fyrirtækja og stofnana. Þátttaka í rafrænum skilum einstaklinga óx enn og við álagningu 2002 var hlutfall rafrænna framtala einstaklinga komið í um 75% þar sem framtöl um 160 þús. manna bárust með rafrænum hætti. Í ljósi fenginnar reynslu var ákveðið að ljúka undirbúningi rafrænna framtalsskila með því að skyldubinda staðlað framtal fyrir einstaklinga með rekstur og gera landbúnaðarskýrsluna aðgengilega í rafrænu formi.

Þróun rafrænnar stjórnýslu hjá skattyfirvöldum hefur verið ör. Rafræn stjórnýsla felst í rafrænni miðlun upplýsinga frá almenningi og fyrirtækjum til skattyfirvalda og öfugt. Til þess að nýta kosti sem í rafrænni stjórnýslu felast þarf miðlun upplýsinganna að vera örugg og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um vörslu og meðferð gagna og hún þarf að geta verið bindandi með sama hætti og um venjulega skriflega gerningu væri að ræða. Rafrænar undirskriftir og rafræn skilríki eru því lykilatriði fyrir frekari þróunum rafrænnar þjónustu hjá skattyfirvöldum. Stærsti hluti viðskiptavina skattsins eru einstaklingar. Reynsla hér á landi og erlendis er að erfitt er að ná útbreiðslu rafrænna skilríkja hjá einstaklingum eigi þeir að bera þann kostnað sem útgáfu og umsýslu með skilríkjunum fylgir. Mikið hagræði getur hins vegar falist í því fyrir stofnanir sem eiga í tíðum samskiptum við einstaklinga að geta fært þau samskipti í rafrænt form. Af þessum ástæðum leitaði embætti ríkisskattstjóra eftir því við 7 aðrar opinberar stofnanir að hafa samstarf um athugun og eftir atvikum undirbúning að upptöku rafrænna skilríkja í samskiptum við viðskiptavinum sína. Þetta samstarf hefur gengið vel og þegar leitt til nokkurs árangurs. Mikil vinna hefur farið fram við að skilgreina þarfir og setja fram kröfur til skilríkjanna og að þróa og undirbúa verkefni sín með þeim hætti að rafræn skilríki komi að notum. Á grundvelli þessarar vinnu hefur ríkið nú samið um kaup á 1.500 - 2.000 skilríkjum til notkunar í tilraunaskyni hjá þessum stofnunum.

Nokkrar breytingar á verksviði RSK voru ákveðnar á árinu. Stærst þeirra er sú ákvörðun að flytja starfrækslu Fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til embætti ríkisskattstjóra. Gengur sú breyting í gildi 1. júlí 2003. Þessi breyting felur í sér mikla möguleika til bættrar þjónustu við þá sem not hafa af fyrirtækjaskrá og umbóta við gerð og notkun margvíslegra skráa í skattkerfinu.

Önnur breyting á verksviði RSK er að embættinu er falin framkvæmd á lögum um úrvinnslugjald. Helsta nýjung þeirra laga sem snertir skattframkvæmd er að úrvinnslugjald er lagt á bifreiðar og innheimt með bifreiðagjaldi en tekur einnig til bifreiða sem undanþegnir eru því gjaldi, sem leiðir til umtalsverðrar fjölgunar gjaldenda. Reynir á framkvæmd þeirra ákvæða á árinu 2003.

Í kjölfar breytinga á skattalögum á árinu 2001 var nauðsynlegt að endurskoða frá grunni þær reglur, sem gilda um reiknað endurgjald og hvernig staðið er að framkvæmd þeirra. Í því efni er m.a. annars um að ræða breytingar sem snúa að eigendum einkahlutafélaga sem jafnframt starfa hjá þeim. Fyrstu áfangar þeirrar vinnu voru unnir á árinu 2002 en miklu verki á þessum vettvangi er enn ólokið. Þá var á árinu ákveðin breyting á því hvernig staðið skal að birtingu á reglum um reiknað endurgjald svo og reglum um skattmat. Í stað þess að ríkisskattstjóri birti reglur þessar er það fjármálaráðuneytisins að gera það á grundvelli tillagna ríkisskattstjóra. Breyting þessi hefur ekki veruleg áhrif á vinnu embættisins þar sem undirbúningsvinnan er hin sama og voru fyrstu tillögur á þessum grundvelli sendar ráðuneytinu til ákvörðunar fyrir árslok 2002.

Alþjóðleg samskipti skattyfirvalda eru sífellt að aukast og tekur það einnig til íslenskra skattyfirvalda. Ástæða og nauðsyn slíkrar samvinnu er m.a. síaukin fjármála- og viðskiptatengsl á milli landa og frelsi í viðskiptum og flutningum á vinnuafli og fjármagni. Fyrir utan aukin skipti á upplýsingum sem varða skattlagningu er æ meira um miðlun skattyfirvalda sín á milli um aðferðir og reynslu við skattframkvæmd. Fyrirferðamest á þessum vettvangi er samstarf skattyfirvalda á Norðurlöndum. Á síðustu árum hefur þetta samstarf tekið markverðum breytingum og verið mótað með nýjum hætti með það í huga að nýtast löndunum sem best og eru á þeim vettvangi unnin verkefni sem torveldara yrði að vinna með öðrum hætti. Dæmi um slíkt verkefni er samanburðarathugun á mannafla, afköstum og kostnaði við skattframkvæmd á Norðurlöndunum sem ákveðin var á fundi ríkisskattstjóra Norðurlanda á fundi þeirra á Íslandi á árinu 2002 og unnið hefur verið að síðan með góðum árangri. Munu niðurstöður hennar nýtast skattyfirvöldum á Íslandi við mat á árangri og æskilegum breytingum í skattframkvæmd. Ísland gerðist einnig á árinu aukaaðili að IOTA, sem eru samtök skattyfirvalda í löndum Austur-Evrópu en flest ríki V-Evrópu hafa gerst aukaaðilar.

Árið 2002 var fjórða starfsár stjórnunarskrifstofu en hún var sett á stofn í febrúar 1999. Föst verkefni skrifstofunnar eru fjármál og rekstur, útgáfu- og kynningarmál, skjalavistun og mála-skráning, almenn afgreiðsla og þjónusta embættisins, þróunarverkefni og tölfraeðiverkefni. Fyrirferðarmestu verkefni á árinu fyrir utan þau reglubundnu voru undirbúningur að flutningi starfsemi frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra, þróunarverkefni varðandi upplýsingavef, samstarfsverkefni um rafræn skilríki, norrænt samstarfsverkefni um árangursmælingar, samningagerð ýmis konar og húsnæðismál.

Skipulag og verkefni skrifstofunnar voru að mestu óbreytt. Þó var útfærð nánar breyting á stöðu starfsmannastjóra sem tilkynnt hafði verið í nóvember árið á undan.

Fjármál og rekstur

Heildarútgjöld á árinu til rekstrar embættisins og sameiginlegra útgjalda skattkerfisins, þ.m.t. til rekstrar tölvukerfa, voru á árinu 799,3 m.kr. að teknu tilliti til sértekna en árið á undan voru þau 731,3 m.kr. Sú breyting varð á tilhögun fjárveitinga fyrir árið 2002 að fjárveiting til rekstrar tölvukerfa var færð undir fjárlagalið embættisins en áður hafði hún verið á sérstökum fjárlagalið undir umsjón embættisins. Til rekstrar embættisins var á árinu varið 508,1 m.kr. en 470 m.kr. árið á undan, að teknu tilliti til sértekna bæði ár. Sundurliðun rekstrar í meginþætti árin 2001-2002 getur að líta í yfirliti rekstrarreiknings á bls. 2. Að venju var lögð umtalsverð vinna í áætlanagerð og fjárlagatillögur, þ.m.t. áætlun um rekstur tölvukerfa 2002-2003.

Varðandi rekstur tölvukerfa á árinu ber að taka fram að endanlegar fjárheimildir til þessa rekstrar lágu ekki fyrir fyrr en í ársbyrjun 2003. Þannig voru millifærðar fjárhæðir til embættisins sem námu 23 m.kr. í júlí (af safnlið), 6 m.kr. í september (frá fyrra ári) og loks 10 m.kr. í janúar 2003 (frá Íslenska upplýsingasamfélaginu). Vegna óvissu um fjárráð fram eftir ári var verkefnum sem lutu endurbótum og nýsmíði haldið í

lágmarki en flest verkefni eru þess eðlis að breytingar og/eða endurbætur þarf að ráðast í með góðum fyrirvara, annað hvort í ársbyrjun eða í haustbyrjun. Fyrir vikið safnaðist fyrir afgangur í árslok sem ákveðið var að verja til fyrirframkaupa á hugbúnaðartímum til að tryggja bestu kjör.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun útgjalda til reksturs tölvukerfa sl. fimm ár á verðlagi ársins 2002 í m.kr.¹⁾ Í yfirlitinu eru gerðar tvönnar konar lagfæringar á bókfærðum útgjöldum til að gera tölur samanburðarhæfar á milli ára (sjá skýringar neðan töflu):

	1998	1999	2000	2001	2002
Viðhald hugbúnaðar	77,8	81,4	77,4	77,9	81,9
Annar rekstur ²⁾	144,5	151,1	147,7	152,6	140,1
Nýsmíði og endurbætur ³⁾	52,1	52,5	45,0	49,4	39,9
Alls	274,3	284,4	270,1	279,9	261,9

1) Viðhald, endurbætur og nýsmíði hugbúnaðar eru færð á fast verðlag með vitölu hugbúnaðartaxta hjá Skýrr en annar kostnaður með neysluvörusvitölu. Með sérstakri verðuppfærslu á hugbúnaðarhlutanum er tekið tillit til þess að verðþróun á honum hefur ekki fylgt almennu verðlagi og tölurnar eiga því að lýsa mismunandi umfangi á milli ára. Skipting rekstrarútgjalda í viðhald hugbúnaðar og annan rekstur eru áætluð.

2) Bókfærð útgjöld árið 2002 eru hér lækkuð um 12 mkr. vegna greiðslu greiðslu á kröfu það ár sem myndaðist á árunum 2000 og 2001. Á móti eru bókfærð útgjöld hækkuð um 4 m.kr. árið 2000 og 8 m.kr. árið 2001.

3) Bókfærð útgjöld árið 2002 eru hér lækkuð um 17,4 m.kr. vegna gjaldfærðrar inneignar á hugbúnaðartímum.

Á árinu var unnið að endurskoðun allra samninga við Skýrr, stærsta þjónustuaðila embættisins á sviði tölvukerfa. Voru þeir endurnýjaðir til tveggja ára, eða til loka ársins 2004. Samningar voru sameinaðir og einfaldaðir og ná nú til allra viðskipta milli aðila. Á árinu var sagt upp samningi um rekstur framtalavinnslukerfisins Sögu og tekið í notkun nýtt kerfi, Harpa, sem vistað er hjá Skýrr.

Eitt stærsta einstaka verkefni ársins utan hinna hefðbundnu var undirbúningur að viðtöku á starfsemi þjóðskrár og fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands. Þetta verkefni hófst að vorinu og hélt áfram allt árið. Þegar nálgast tók áramót varð ljóst að áform um að flytja þjóðskrá til ríkisskattstjóra gengju til baka en haldið var áfram undirbúningi að flutningi fyrirtækjaskrár.

Fyrir mitt ár var tekin sú ákvörðun að inn-

leiða nýjan skrifstofuvöndul, Staroffice, fyrir meginhluta starfsmanna skattkerfisins. Fyrir lá að svonefnd samtímanotendaleyfi Microsoft í eigu skattkerfisins, 50 talsins, væru úr gildi runnin sem slík en myndu nýtast til uppfærslu í sama fjölda notendaleyfa fyrir 1. júlí. Ákveðið var að nýta þennan uppfærslurétt en kaupa Staroffice hugbúnaðinn fyrir 180 notendur. Með þessu var siglt í kjölfar dómsmálastofnana sem farið höfðu sömu leið og réðst þessi ákvörðun af þröngri fjárhagsstöðu og því að umræddur hugbúnaður var talinn uppfylla kröfur um virkni og samhæfingu.

Á árinu 2001 fór fram mikil endurnýjun á einmenningsvélum skattkerfisins og gerðir voru nýir rekstrarleigusamningar til þriggja ára. Þegar leið á árið 2002 varð vart við meiri bilanatíðni í þessum vélum en eðlilegt getur talist. Því máli var hreyft við birgja og úr varð samkomulag undir lok árs um útskipti á öllum vélunum fyrir nýjar. Þessari ákvörðun tengdust nauðsynlegar breytingar á uppsetningu véla sem og fyrrnefnd innleiðing nýs skrifstofuvönduls. Útgjöld til vélbúnaðar á árinu urðu 26,0 m.kr. samanborið við 23,9 m.kr. á árinu 2001.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu fólki í afleysingum og tímavinnu var á árinu 85,3 samanborið við 84,1 á árinu 2001. Launakostnaður hækkaði úr 326,4 m.kr. á árinu 2000 í 347,7 m.kr. á síðasta ári, eða um 6,5%. Launavísitala hækkaði um 7,1% á sama tíma þ.a. raunkostnaður hefur lækkað lítillega og enn frekar á mælikvarða ársverka ef mið er tekið af lítills háttar fjölgun þeirra. Starfsmannavelta embættisins fyrir árið 2002 var merkjanlega meiri en árið áður eða 9,3% sbr. við 4,7% árið 2001 en telst þó innan eðlilegra marka.

Í janúarbyrjun var íþróttastyrkur sem greiddur er starfsmönnum er stunda viðurkennda líkamsrækt hækkaður um 33% eða upp í 2.000 kr. á mánuði.

Á árinu var gengið frá úthlutun úr launapotti til félagsmanna Starfsmannafélags ríkisstofnana

(SFR) í samræmi við bókun kjarasamnings fjármálaráðherra og SFR frá því í mars 2001 um að bæta kjör þeirra sem lakast voru settir. Launabreytingar á grundvelli þessa tóku gildi f.o.m. 1. október 2002. Í tengslum við þær fór fram endurskoðun vinnustaðarsamnings embættisins og SFR sem lokið var í september.

Í nóvember 2001 var tilkynnt breyting á skipulagi starfsmannamála og í maí 2002 var ákveðin og tilkynnt nánari útfærsla hennar gagnvart stjórnunarskrifstofu og starfsmannastjóra. Auk þess sem kjara- og launamál voru voru færð beint undir ríkisskattstjóra var sett á laggirnar starfskjaranefnd til að vinna að stefnumótun í starfsmannamálum og annast jafnframt samninga og samskipti við stéttarfélög. Kom í hlut þeirrar nefndar að ganga frá framangreindum samningum við SFR. Einnig voru lögð drög að stofnun starfsmannaráðs sem falin verða tímabundin verkefni á sviði starfsmannamála, s.s. að vinna að undirbúningi starfsmannastefnu. Þá var stjórnun afgreiðslu og skjalamála létt af starfsmannastjóra og færð beint undir forstöðumann til að skerpa línurnar í starfsmannamálum embættisins og gefa þeim aukið vægi.

Húsnæði og búnaður

Tvö verkefni bar hæst í húsnæðismálum á árinu. Annars vegar hönnun, útboð og bygging bílastæða á baklóð Laugavegar 166. Framkvæmd þessi var boðin út í byrjun júní undir umsjón Framkvæmdasýslu ríkisins í samvinnu við Fasteignir ríkissjóðs. Tilboði var tekið frá Hannesi Jónssyni ehf. Framkvæmdir hófust í júlí og lauk að mestu í desember. Þar með var ráðin bót á brýnum vanda og um leið efnt samkomulag milli ríkis og byggingafultrúans í Reykjavík um frágang bílastæða. Hins vegar var unnið að lausn húsnæðismála vegna áformaðs flutnings þjóðskrár og fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra frá Hagstofu Íslands. Um það leyti sem lausn lá fyrir í því máli, eða í október, var hætt við flutning þjóðskrár en þó haldið við áform um flutning fyrirtækjaskrár. Unnið var skv.

breyttum forsendum þaðan í frá en um áramót lá hvorki fyrir endanleg útfærsla né höfðu lög um tilflutning fyrirtækjaskrár verið samþykkt.

Af framangreindri ástæðu varð bið á útfærslu nýtingar á lausu rými á 4. hæð húsnæðisins að Laugavegi 166 en verið var að hefja undirbúning að nýju skipulagi þar. Þó var ráðist í að flytja virkan hluta bókasafns inn í fundarherbergi hlutaðeigandi skrifstofa. Um er að ræða tíma- bundna lausn á aðstöðu bókasafns þar til tekist hefur að rýma til fyrir framtíðarstaðsetningu þess.

Síðastliðin tvö ár hefur farið fram endurnýjun á gardinum í áföngum. Settar hafa verið upp viðarrimlagardínur en með því batna birtuskilyrði og hitamyndun á skrifstofum minnkar verulega. Á árinu 2002 voru keyptar gardínur í allan suðurgafli hússins. Annar liður í að bæta aðstöðu og vinnuumhverfi starfsmanna voru kaup á vatnsvélum sem settar voru upp við allar kaffistöðvar hjá embættinu. Hafist var handa um endurnýjun stærstu ljósritunarvéla embættisins og ein keypt í nóvember en alls er um að ræða þrjár vélar frá árunum 1994-1995.

Skjalamál

Árið 2002 er fyrsta heila árið sem skráning mála fer fram miðlægt hjá embættinu undir umsjón stjórnunarskrifstofu. Þetta fyrirkomulag tók gildi 1. desember árið 2001 og hefur reynst vel, bæði að því er varðar samræmingu skráningar og aukna sérhæfingu við hana. Í aprílmánuði var aukið við mannafla sem nemur hálfu stöðugildi við skráninguna en þá lá fyrir að flutningi skráningar frá öðrum skrifstofum yrði að mæta með einhverri viðbót. Í byrjun árs eða 28. febrúar var hafist handa við að skanna innkomin skjöl. Með þessari breytingu er nú hægt að skoða flest skjöl erinda og annarra mála á rafrænu formi í málakerfi ríkisskattstjóra. Einnig er nú hægt að skoða ýmsar upplýsingar sem skannaðar eru inn eins og dóma sem fallið hafa í skattamálum, bindandi álit frá fjármálaráðuneytinu o.fl. Haldið var áfram því verkefni sem hófst á árinu 2000 að pakka eldri skjölum og um áramót var ein-

vörðungu eftir að pakka allra elstu skjölunum sem munu ganga beint til Þjóðskjalasafns.

Taflan hér að neðan sýnir innskráð mál hjá ríkisskattstjóra á árunum 2001 og 2002 eftir málaflokkum:

Málaflokkur	2001	2002
Álagningarmál og úrskurðir	4.053	4.448
Framsending erindi	3.876	3.776
Álitsgerðir og umsagnir	1.471	1.871
Samræming og þróun skattkerfisins	362	12
Skatteftirlit RSK	144	189
Almennur rekstur	83	65
Erlend samskipti	78	64
Tæknimál	43	161
Laga- og reglugerðarvinna	23	7
Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	22	17
Fræðslumál	6	5
Útgáfumál	4	7
Önnur mál	338	693
Ársreikningar	0	51
Samtals	10.503	11.380

Innskráðum málum fjölgaði skv. yfirlitinu um liðlega 8% frá fyrra ári. Mest var aukningin í *Álagningarmálum og úrskurðum* eða 395 mál og 400 mál í flokkinum *Álitsgerðir og umsagnir*. Þess ber að geta að á árinu 2002 komu inn rúmlega 1.000 mál vegna öryrkjádómsins svokallaða, varðandi tekjudreifingu lífeyristekna á staðgreiðsluár. Þá eru skráð 51 ársreikningaerindi árið 2002 en engin á árinu 2001.

Þjónustumál

Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu fluttist afgreiðsla embættisins á 1. hæð húsnæðisins að Laugaveg 166 í nóvember 2001. Undir lok þess árs var tekin ákvörðun um að endurnýja símstöð og gengið frá kaupum á henni. Uppsetning á henni fór fram í byrjun ársins 2002 og um leið var hluti af símtækjum embættisins endurnýjaður. Þá var á árinu nýttur sá valkostur við nýju símstöðina að setja upp talvél (kynningarsvar) til afgreiðslu á símtölum sem skiptiborð annar ekki og er hér er um löngu tímabæra bót á þjónustu að ræða. Þá ber að nefna að nýja símstöðin getur þjónað öðrum stofnunum skattkerfisins og/eða tengst símstöðvum þeirra sem gefur færi á sameiginlegri símsvörum. Verkefni afgreiðslu embættisins voru að mestu þau

sömu og áður, þ.e. símsvörun, útgáfa skattkorta, afhending og útsending eyðublaða, sala ljósrita og sölurita og almenn þjónusta við aðvifandi viðskiptavinum. Þó er þess að geta að á árinu var hætt af hálfu skrifstofunnar að úrskurða inn á launagreiðendaskrá aðila sem skilað hafa staðgreiðslu án þess að hafa sinnt tilkynningaskyldu og það verkefni flutt til skattaskrifstofu. Þess skal getið að annað árið í röð réðist embættið í að skipuleggja og auglýsa sameiginlega síma-vakt skattkerfisins vegna framtalsgerðar og kom það í hlut stjórnunarskrifstofu. Að þessu sinni var auglýst sameiginlegt símanúmer og síma-vakt fyrir allt landið og símtölum dreift sjálfvirk á vakthafendur. Síma-vaktir voru miðaðar við lokadaga skila eða dagana 23.-25. mars og 6.-8. apríl. Þörfin fyrir þessa þjónustu var greinilega mikil því símatímarnir nýttust mjög vel.

Útgáfu- og kynningarmál

Á árinu fór fram útboð á þeim prentverkum sem tilheyra framtölum, þ.e. boðin var út prentun á framtalseyðublöðum, fylgiskjöllum, leiðbeiningum og fleiru. Í útboðinu var áætluð umtalsverð minnkun á upplagi þessara eyðublaða, eða sem samsvarar 4,5 tonnum af pappír. Það ber fyrst og fremst að þakka þróun í átt til rafrænna skila á skattframtali og því hve margir framteljendur kusu að afþakka að fá pappírframtalið sent. Alls reyndust 39% netframteljenda velja þennan kost, eða 37.419 manns. Áhrifa þessa á kostnað fer fyrst að gæta á árinu 2003. Kostnaður við prentun á árinu 2002 varð 41,4 m.kr. samanborið við 33 m.kr. á fyrra ári. Hækkun á milli ára skýrist fyrst og fremst af prentun akstursbókar á árinu 2002 sem ein og sér kostaði 5,8 m.kr. Þá telst það til tíðinda að auglýsingakostnaður embættisins lækkaði fjórða árið í röð og má þakka það hagnýtingu upplýsingavefsins annars vegar og viðvarandi aðhaldi hins vegar.

Upplýsingavefir og þróunarverkefni
Rekstur og þróun upplýsingavefja fyrir almenn- ing og starfsmenn skattkerfisins er á könnu

stjórnunarskrifstofu í samvinnu við aðrar eining- ar embættisins. Árið 2002 var fjórða árið sem ytri vefurinn (rsk.is) var starfræktur. Heildarfjöldi heimsóknna á vefinn var um 600.000 á árinu og þess má geta að vikuna 1.-7. apríl, þ.e. á há- annatíma vefframtalsgerðar, mældist rsk.is fjórði stærsti vefur landsins. Í lok ársins 2001 var lokið við endurskipulagningu á uppsetningu ytri vefsins og miðaði nýja hönnunin að því að gera efnisleit auðveldari og framsetningu mark- vissari. Í ársbyrjun 2002 voru framkvæmdar svokallaðar viðmótsprófanir eða nytsemismat á nýja vefnum til að láta reyna á virkni hans áður en hann yrði gerður opinber. Nytsemismat snýst um að notendur prófi með stöðluðum hætti notkunarmöguleika og virkni vefsins og kom hann mjög vel út úr því prófi. Ýmsar ábendingar og athugasemdir komu þó fram sem flestum voru gerð skil áður en nýi vefurinn var opnaður um miðjan febrúar. Á sama tíma voru "Vefskil" opnuð, en þar er að finna öll rafræn skil RSK á einum stað og það sem þeim tengist.

Rafræn skil staðgreiðslu voru formlega tekin í notkun í febrúar, en með þessum skilum geta gjaldendur sent skilagreinar og sundurlíðanir rafrænt jafnframt því sem gefinn er kostur á rafrænni greiðslu í gegnum heimabanka.

Í maí var opnaður innri vefur virðisauka- skatts eftir undirbúningsvinnu gjaldaskrifstofu í samvinnu við vefstjóra. Þarna er um að ræða þróunar- og tilraunaverkefni sem varðað gæti leiðina að framtíðarskipulagi. Á innri vefnum var aðgengi að bréfasafni VSK aukið til muna, leit- arvirkni einfölduð sem og opnað fyrir spjallborð, en reynslan af því lofar góðu. Þá var um mitt ár ákveðið að fá ráðgjafafyrirtækið Sjá ehf. til að vinna þarfagreiningu vefja RSK, með sérstakri áherslu á innri vef. Byrjað var á stefnumótun og markmiðasetningu um vefi RSK af hálfu yfir- stjórnar embættisins en á haustmánuðum var byrjað að vinna að greiningarskýrslu og að henni komu fulltrúar allra skattstofa, SRS, YSKN og RSK. Meginverkefnið var að greina innri vef skattkerfisins auk þess að fara yfir ytri

vefi og leggja drög að samskiptavef við aðra aðila (stofnanir og fagaðila). Áætlað er að þessari vinnu ljúki um mitt ár 2003.

Líkt og áður virkaði námskeiðsskráning á vefnum vel og áskrifendum að nýju efni fjölgaði jafnt og þétt á árinu, voru orðnir ríflega 1.300 talsins í lok ársins. Í október voru ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra á sviði óbeinna skatta birt í fyrsta sinn á rsk.is. Um er að ræða öll ákvarðandi bréf frá útgáfu handbókar um VSK frá árinu 1998 eða tæplega 200 bréf. Í kjölfar þess var unnið að birtingu ákvarðandi bréfa á sviði beinna skatta sem síðan var opnað fyrir í janúar 2003. Í lok ársins var unnið að undirbúningi að því opna fyrir uppflettingu í ársreikningaskrá á vefnum og stefnt að opnun þeirrar þjónustu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2003.

Auk þróunar á upplýsingavef tók stjórnunar-skrifstofa sem fyrr þátt í ýmsum þróunarverkefnum á árinu, bæði vegna fjármálahliðarinnar og veftengdra verkefna og voru þau helstu net-framtal, forskráning á framtal, rafræn skil staðgreiðslu og rafræn skilríki. Hvað síðast nefnda verkefnið snertir var sú ákvörðun tekin í yfirstjórn embættisins að stofna til samstarfsverkefnis með sjö öðrum ríkisstofnunum og fjármálaráðuneyti um þarfagreiningu og undirbúning að notkun rafrænna skilríkja í samskiptum ríkis annars vegar og einstaklinga og fyrirtækja hins vegar. Stýrði forstöðumaður stjórnunar-skrifstofu því verkefni í samvinnu við deildarstjóra hugbúnaðarsviðs. Þetta samstarfsverkefni leiddi til þess að í lok ársins var ákveðið að ráðast í tilraunaverkefni um notkun rafrænna fjölnota skilríkja undir umsjón fjármálaráðuneytis með stuðningi fleiri ráðuneyta og í samvinnu við nokkrar aðrar ríkisstofnanir.

Helstu verkefni í tengslum við rafræn framtalskil fólust í smíði nýs skoðunarkerfis framtala og forskráningu lána frá Íbúðalánasjóði. Hið nýja kerfi, Harpa, leysti Sögukerfið af hólmi. Í Hörpu er boðið upp á ýmsa möguleika umfram þá sem voru í Sögu. Forskráning lána frá Íbúðalánasjóði er stærsta forskráningarverkefnið sem

ráðist hefur verið í til þessa. Af öðrum verkefnum voru þau helst að Rekstrarskýrslu RSK 4.11 var bætt í rafræn skil endurskoðenda og bókara og að útbúin var sérútgáfa af netframtalinu, svokölluð Norðurleið, sem ætluð er fyrir skattstjóra til skráningar á framtölum sem skilað er á pappír. Villuprófanir í netframtalinu og í framtalsforritum voru samræmdar þeim regluprófunum sem gerðar eru í Hörpu í þeim tilgangi að ljúka skoðun fleiri framtala rafrænt en áður var. Vinnan sem lögð var í þessar samræmingar skilaði góðum árangri. Þá var sett inn "falið" samræmingarblað í netframtalið og þannig búið í haginn fyrir næsta skref í þróun þess, sem er að bæta inn eyðublöðum fyrir einstaklinga með eigin atvinnurekstur.

Alls töldu 98.137 fram á netinu, sem er 29% aukning frá árinu á undan. Rafræn framtöl frá endurskoðendum og bókurum urðu 62.717, sem er 11% aukning milli ára. Undir lok ársins var hafinn undirbúningur fyrir aukna þjónustu við þá sem atvinnu hafa af framtalsgerð, sem felst í að þeir geti fengið forskráðar upplýsingar lesnar inn í framtöl unnin með framtalsforritum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tölfræði

Árið 2002 var haldið áfram vinnu við uppbyggingu og viðhald gagnasafna embættisins. Þannig eru framtals- og álagningarupplýsingar um einstaklinga og lögaðila, allt aftur til álagningarársins 1993, nú aðgengilegar til vinnslu innan-húss sem mun auðvelda mjög úrvinnslu tölu-legra upplýsinga um ýmsa þætti er lúta að þróun og virkni skattkerfisins síðasta áratuginn. Árið 2002 voru lögð drög að því að tekinn yrði í notkun nýr hugbúnaður sem mun einfalda alla vinnu upplýsinga úr gagnasöfnum embættisins, auk þess sem nýir möguleikar munu opnast við eftirlit og vinnslu talnaefnis til opinberrar birtingar á ytri vef. Mikill og vaxandi áhugi hefur verið meðal ýmissa aðila fyrir upplýsingum sem byggja á skattgögnum og hefur umfang slíkra erinda aukist nokkuð undanfarið.

Almennt

Skattaskrifstofa hefur með höndum umsjón og samræmingu á skattframkvæmd beinna skatta. Helstu skatttegundir sem þannig falla undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar eru tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur, eignarskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald.

Stjórnunarleg uppbygging skattaskrifstofu á árinu 2002 var með þeim hætti að hún skiptist í fjórar deildir: Álagningardeild, lögfræðideild, alþjóðadeild, gagnavinnsludeild og atvinnurekstrardeild. Starfssvið einstakra starfsmanna fer þó oft þvert á deildir og er lögð áhersla á verkefnatengd ábyrgðarsvið einstakra starfsmanna, sem þannig bera hver um sig ábyrgð á ákveðnum verkferlum innan skrifstofunnar. Starfsmanna-velta hefur verið nokkuð mikil á undanförunum misserum, þar sem einkum lögfræðingar hafa staldrað stutt við. Hefur það sýnt sig að háskólamenntaðir starsfmenn með sérþekkingu á sviði skattaréttar eru stöðugt að verða eftirsóttari vinnukraftur bæði hjá almennum fyrirtækjum en ekki hvað síst hjá stærri lögfræði- og endurskoðunarfyrirtækjum. Á árinu 2002 létu tveir lögfræðingar skrifstofunnar af störfum auk þess sem tveir lögfræðingar voru í fæðingarorlofi á seinni hluta ársins. Ráðinn var einn nýr lögfræðingur á árinu og einn nýr viðskiptafræðingur.

Það sem einkenndi starf skrifstofunnar á árinu 2002 var eins og undanfarin ár hinn mikli fjöldi ýmissa afgreiðslumála, en stærstur hluti þeirra stjórnarsýsluerinda sem berast embættinu kemur til afgreiðslu á skattaskrifstofu. Helstu flokkar slíkra mála eru úrskurðir um skatterindi eða eftir atvikum framsending slíkra erinda til skattstjóra, kröfugerðir í kærumálum til yfirskattanefndar, úrskurðir í skattrannsóknarmálum, leiðréttingar á staðgreiðslu opinberra gjalda, og síðast en ekki síst svör við ýmsum

fyrirspurnum sem embættinu berast. Þá má og nefna úrskurði um endurgreiðslu á staðgreiðslu opinberra gjalda, bindandi álit, útgáfu ýmissa vottorða, staðfestingu hlutafélaga vegna hlutabréfafrádráttar, staðfestingu happdrætta vegna skattfrelsis vinninga, ýmsa útreikninga og tölu- legar úttektir, auk úrskurða í kærumálum. Þá vinnur skrifstofan umsagnir í dómsmálum fyrir embætti ríkislögmanns og fjármálaráðuneytið og um lagafrumvörp, auk þess sem sérfræðingar skrifstofunnar veita fjármálaráðuneytinu aðstoð og ráðgjöf við samningu lagafrumvarpa og reglugerða eftir því sem þess gerist þörf. Er nánari grein gerð fyrir hinum ýmsum málaflokkum hér að neðan.

Afgreiðsla skatterinda

Á árinu 2002 bárust skattaskrifstofu 5.869 skatterindi til úrlausnar, samanborið við 4.909 árið áður eða um fimmtungs auknings. Af þessum erindum voru 3.750 framsend viðkomandi skattstjóra á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Almennt er miðað við þá reglu að hafi framtal ekki áður sætt skoðun skattstjóra þá eru málin send skattstjóra en þá hefur álagning skatta yfirleitt verið byggð á áætluðum stofnum, en ef um leiðréttingar á áður álögðum framtölum er málin að jafnaði tekin til úrlausnar hjá ríkisskattstjóra. Á árinu voru afgreidd 1.742 skatterindi, en um áramót biðu 377 erindi úrlausnar, sem er 176 fleiri erindi en árið áður. Á árinu voru kveðnir upp 683 fleiri úrskurðir um skatterindi en árið áður. Sá aukni fjöldi skatterinda á árinu 2002 miðað við fyrra ár skýrist að miklu leyti í leiðréttingum sem í framhaldi af svonefndum öryrkjádómi. En í kjölfar þess að Hæstiréttur hafði komist að því að Tryggingastofnun hafði vangreitt bætur til öryrkja voru þeim greiddar bætur

á árinu 2001 vegna áráanna þar á undan. Sérstök heimild var lögfest að þessir aðilar gátu sótt um að tekjum þessum yrði dreift á viðkomandi ár. Stór hluti bótaþega nýtti þessa heimild og fór verulegur tími í þessi mál. Tveir af reyndustu starfsmönnum skrifstofunnar báru hitann og þungann af þessum málum og tókst að afgreiða stóran hluta þeirra tiltölulega fljótt eftir að álagningu lauk.

Ívilnanir

Úrskurðir skattstjóra um ívilnanir samkvæmt 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sæta kæru til ríkisskattstjóra. Alls voru móttekin 153 slík mál á árinu 2002, samanborið við 111, en afgreidd mál á árinu voru 132, samanborið við 125 árið áður. Alls voru 21 óafgreidd ívilnanamál um áramót, samanborið við 25 árið áður.

Skattrannsóknarmál

Pegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur lokið skattrannsókn tekur hann saman skýrslu um rannsókn sína og sendir ríkisskattstjóra. Skattaskrifstofa ber ábyrgð á þessum málaflokki hjá embættinu og úrskurðar um gjaldabreytingar. Eru þessi mál eftir atvikum unnin í samstarfi við gjaldaskrifstofu. Þannig eru skýrslur skattrannsóknarstjóra yfirfarnar og boðaðar gjaldabreytingar ef forsendur þykja vera til slíks. Að fengnum andmælum gjaldanda er síðan kveðinn upp úrskurður í málinu. Alls bárust 104 mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu. Afgreidd voru 95 skattrannsóknarmál og voru 9 mál óafgreidd um áramót.

Kröfugerðir ríkisskattstjóra í kærumálum til yfirsattanefndar.

Lögum samkvæmt kemur ríkisskattstjóri fram fyrir hönd gjaldkrefjanda í kærumálum skattaðila til yfirsattanefndar. Mestur fjöldi kærumála er á sviði beinna skatta og eru þær kröfugerðir unnar á skattaskrifstofu. Mikill fjöldi kærumála barst skattaskrifstofu til umsagnar á árinu. Alls voru 332 nýskráð mál af þessum toga, samanborið við 420 árið áður og er þar því um verulega fækkun mála að ræða. Á árinu 2002 voru 325 kröfugerðir sendar yfirsattanefnd og voru 7 mál óafgreidd um áramót. Rétt er að hafa í huga að á hverjum tíma er alltaf eitthvað af óafgreiddum kröfugerðum og helgast það fyrst og fremst af því að beðið er eftir gögnum í málin fyrir skattstjóra. Er fjöldi óafgreiddra mála um áramót því í algjöru lágmarki og er nánast undantekningalaust staðið við hinn lögboðna frest sem embættið hefur til að gefa umsögn sína í kærumálum þessum.

Undirbúningur lagafrumvarpa og túlkun nýrra laga.

Á hverju ári eru samþykktar á Alþingi breytingar á hinum ýmsu skattalögum. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu lagabreytingar á sviði beinna skatta á árinu 2002 eða sem tengjast skattfrumkvæmd á því sviði.

- lög nr. 18/2002 bindandi álit í skattamálum (hækkun gjalds)
- lög nr. 25/2002 bókhald, ársreikningar og tekjuskattur og eignarskattur (reikningshald í erlendum gjaldmiðli)
- lög nr. 130/2002 rafræn viðskipti og önnur rafræn þjónusta (EES-reglur)
- lög nr. 34/2002 virðisaukaskattur og tryggingagjald (reikningshald í erlendum gjaldmiðli)

- lög nr. 59/2002 búnaðargjald (gjaldstofn)
- lög nr. 65/2002 tryggingagjald o.fl. (reiknað endurgjald, breyting ýmissa laga o.fl.)
- lög nr. 74/2002 almannatryggingar o.fl. (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.)
- lög nr. 131/2002 endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda (vextir)
- lög nr. 133/2002 staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur (viðurlög, skilaskylda)
- lög nr. 134/2002 tryggingagjald (lækkun gjalds o.fl.)
- lög nr. 135/2002 staðgreiðsla opinberra gjalda (innheimta, skuldajöfnun o.fl.)
- 150/2002 málefni aldraðra (gjald í Framkvæmdasjóð)
- lög nr. 152/2002 tekjuskattur og eignarskattur (sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.)
- lög nr. 166/2002 búnaðargjald (skipting tekna)

Sérfræðingar skattaskrifstofu komu að undirbúningi sumra þessara laga, einkum breytingum þeim sem gerðar voru á lögnum um tekjuskatt og eignarskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi. Þegar lög hafa verið samþykkt eru þau kynnt skattstjórum og eftir atvikum gefnar út leiðbeiningar og túlkanir eftir því sem þurfa þykir.

Bindandi álit

Á árinu 2001 bárust ríkisskattstjóra 6 beiðnir um bindandi álit í skattamálum, sbr. lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum og um áramót hafði ríkisskattstjóri tekið afstöðu til fimm þessara beiðna. Um helmings fækkun var á fjölda þeirra beiðna um bindandi álit sem lagðar voru fram þetta ár miðað við árið í fyrra..

Kaupréttaráætlanir

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri staðfesta að kaupréttaráætlanir fullnægi skilyrðum skattalaga um sérstaka ívilnandi skattalega meðferð á kauprétti sem starfsmönnum hlutafélaga og einkahlutafélaga er látin í té. Á árinu 2002, eins og raunar einnig á árinu 2001, voru staðfestar kaupréttaráætlanir mun færri en var á árinu 2000. Endurspeglar þetta fyrst og fremst samdrátt á hlutabréfmarkaði, þar sem bæði almennt gengi bréfa hefur lækkað og viðskiptamagn dregist verulega saman. Fjöldi staðfesta kaupréttaráætlana voru 10 á árinu 2002, en alls bárust 14 beiðnir um staðfestingar á árinu.

Lögfræðilegar álitsgerðir.

Eins og undanfarin ár voru mál varðandi túlkun einstakra lagafyrirmæla og samantekt um ríkjandi framkvæmd á sviði skattaréttar ríkur þáttur í starfsemi skattaskrifstofu. Birtist þetta ekki hvað síst í formi skriflegra svara við fyrirsprungnum frá skattþegnum og ýmsum opinberum stofnunum og hagsmunahópum, sem og í óformlegri upplýsingagjöf og leiðbeiningum. Alls voru 407 mál innbókuð sem skriflegar fyrirsprungnir á árinu 2002 og voru afgreidd 394 slík mál. Óafgreidd um áramót voru því 13 mál.

Allmörg mál skattþegna gengu til hins almenna dómstólakerfis. Var þar bæði um refsimál og einkamál að ræða. Auk vinnu við kynningu á úrslausnum dómstóla var töluvert starf unnið við gerð ýmiss konar álita, greinargerða og samantekta vegna reksturs mála fyrir dómstólum, auk þess sem skattaskrifstofan svaraði og gerði grein fyrir atriðum sem umboðsmaður Alþingis lét sig varða á skattasviðinu á árinu.

Alþjóðamál

Málefni sem tengjast alþjóðlegum skattarétti, hvort heldur um er að ræða skattlagningu erlendra aðila hér á landi eða Íslendinga erlendis, er til umfjöllunar á alþjóðadeild skattaskrifstofu. Alþjóðadeildin hefur jafnframt annast upplýsingagjöf varðandi framkvæmd tvísköttunarsamninga og liðsinnt skattþegnum í samskiptum við erlend skattyfirvöld. Hefur vægi þessa verkefnis aukist ár frá ári og hélt sú þróun áfram á árinu 2002. Skýrist það aðallega af auknum flutningi fólks til og frá landinu og almennum áhuga á alþjóðlegum skattarétti. Eitt af verkefnum alþjóðadeildar er að úrskurða um skattalega heimilisfesti. Alls bárust 58 slík mál á árinu og voru jafnmörg mál afgreidd tekin til úrskurðar á árinu. Óafgreidd heimilisfestamál um áramót voru engin. Beiðnir um vottorð sem bárust alþjóðadeild voru alls 400 og voru afgreidd 436 vottorð á árinu, sem skýrist af því að nokkrar vottorðabeiðnir voru óafgreiddar í upphafi árs. Vottorð þessu eru af ýmsum toga, svo sem um skattskyldu aðila hér á landi, barnabætur og um tekjur og eignir hérlendis.

Fyrirmæli og verklagsreglur

Veigamikill þáttur í starfi ríkisskattstjóra er lögum samkvæmt sá að gæta þess að samræmi sé í störfum skattstjóra. Þannig voru skattstjórur send allmörg bréf sem höfðu að geyma niðurstöðu RSK um meðferð ýmissa álitaefna.

Á árinu 2000 var ákveðið að leggja grunninn að nýju verklagsreglum tekjuskatts. Á árinu 2002, eins og raunar einnig árið 2001, hefur þessi verkefni miðað heldur hægar en að var stefnt og má búast við því að verkefnið heldur lengri tíma en að var stefnt. Helgast það m.a. af því að starfsfólki skrifstofunnar hefur verið að fækkað á undanförunum misserum, auk þess

sem tveir af lögfræðingum skrifstofunnar tóku fæðingarorlof á árinu, án þess að sérstaklega væri ráðið í stað þeirra. Þetta verkefni hefur því orðið útundan í starfsemi skrifstofunnar.

Kynningar á dómum, úrskurðum, lögum og reglum.

Að venju var dreift til skattstjóra og starfsmanna skattkerfisins þeim dómum sem felldir voru í Hæstarétti og héraðsdómum um skattamál. Sama á við um þá úrskurði yfirsattanefndar sem ástæða þótti til að ætla að almennt gildi hefðu. Loks var lögum, reglugerðum og öðrum settum reglum ársins dreift ásamt þeim skýringum sem við áttu. Þá er tilkynningum um laga-breytingar og orðsendingar komið á framfæri við skattborgara með orðsendingum til launagreiðanda og öðrum hætti eftir því sem tilefni er til, en skattaskrifstofa ber ábyrgð á efni slíkra tilkynninga og leiðbeininga að því er beina skatta varðar.

Staðfest félög vegna frádráttar frá tekjum samkvæmt 30. gr.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, var það skilyrði fyrir frádrætti manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri að fjárfest hafi verið í félögum sem skráð voru í kauphöll á hinu evrópska efnahagssvæði eða hlotið hefðu staðfestingu ríkisskattstjóra um að skilyrðum laganna væri fullnægt. Frádráttur þessi hefur nú verið felldur brott úr lögum og var tekjuárið 2002 síðasta árið sem heimilt var að færa hann til frádráttar tekjum manna utan atvinnurekstrar.

Happdrætti

Lögum samkvæmt staðfestir ríkisskattstjóri hvort skilyrðum skattfrelsi vinninga í happdrættum er fullnægt. Skattaskrifstofan sér um útgáfu

slíkra staðfestinga og er listi yfir skattfrjálsa happdrættisvinninga birtur í almennum leiðbeiningum með skattframtali ár hvert. Á árinu 2002 voru 16 slíkar staðfestingar um skattfrelsi happdrættisvinninga gefnar út, en 17 erindi af þessum toga bárust skrifstofunni.

Staðgreiðsluerindi

Mikill fjöldi svonefndra staðgreiðsluerinda berst skattaskrifstofu til úrlausnar og gildi það sama á árinu 2002. Má skipta málum þessum í tvo flokka þar sem annars vegar er um að ræða endurgreiðslur vegna náms og hins vegar leiðréttingar á afdreginni staðgreiðslu þar sem launagreiðandi hefur ekki staðið skil á afdreginni staðgreiðslu. Alls bárust 1.949 erindi af þessum toga á árinu en fjöldi afgreiddra mála var 1.813. Er hér um gríðarlegan fjölda erinda sem að miklu leyti fellur til á seinni helmingi ársins.

Þróunarverkefni

Stærstu þróunarverkefni á skattaskrifstofu á árinu eins og undafarin ár tengdust skattframtali einstaklinga og áframhaldandi þróun rafræns framtals og fyrirfram áprentunar upplýsinga á skattframtalið, sem og rafrænni regluprófun framtala. Þá var jafnframt unnið að frekari þróun rekstrarframtalsins og er gert ráð fyrir að þróunarvinna varðandi bæði þessi framtöl haldi áfram á næstu misserum. Á árinu 2002 voru tekin upp rafræn skýrslu- og greiðsluskil á staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu tryggingagjalds, en undirbúningur að því hafði hafist árið áður. Tókst þetta verkefni mjög vel, og er vonast eftir að sá hópur sem notfærir sér þennan skilamáta muni aukast verulega á næstu misserum. Áfram var unnið í samráði við tollstjórnann

í Reykjavík, fjármálaráðuneytið og Fjársýslu ríkisins að þróunarverkefni er tengist rafrænum aðgangi að greiðslustöðu og greiðslu skattkrafna í heimabanka og er búist við að niðurstaða í því verkefni geti legið fyrir á árinu 2003. Ýmis verkefni er tengjast verklagsreglum og handbók um tekjuskatt lágu að miklu leyti niðri á árinu en gert er ráð fyrir að þráðurinn verði tekinn upp að nýju á árinu 2003.

Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá starfar samkvæmt lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. lög nr. 58/2001, um breyting á þeim lögum, og reglugerð nr. 523/2001, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Starfsemi ársreikningaskrár er fólgin í því að taka á móti ársreikningum skilaskyldra félaga og veita almenningi aðgang að þeim, m.a. með sölu á ljósrituðum eintökum þeirra. Er sú þjónusta mikið notuð. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög svo og sameignarfélög og samlög ef þau eru í eigu fyrrnefndra félagaforma eða eru yfir tilteknum stærðarmörkum.

Á árinu 2002 voru lagðir fram til opinberrar birtingar ársreikningar fyrir rekstrarárið sem lýkur á árinu 2001 fyrir alls 11.814 félög. Áætlað er að skilaskyld félög, þegar tekið hefur verið tillit til félaga sem hætt hafa starfsemi, m.a. vegna gjaldþrota á árunum 2001 og 2002, séu um 14.106 og hefur fjölgunin verið um 9,6% frá árinu 2000. Þegar þessi skýrsla er skrifuð í júní 2003 hafa alls 13.068 félög lagt fram ársreikninga fyrir árið 2001 eða um 93% félaga. Þá hafa á sama tíma verið lagðir fram ársreikningar vegna rekstrarársins sem lauk á árinu 2000 fyrir 12.279 félög eða um 95% áætlaðra skilaskyldra félaga fyrir árið 2000.

Gjaldaskrifstofa skiptist í tvær deildir. Virðisaukaskattsdeild sinni fyrst og fremst lögboðnu hlutverki embættisins við framkvæmd virðisaukaskatts, vörugjalds og skilagjalds. Gjaldadeild annaðist álagningu og aðra framkvæmd þungaskatts, bifreiðagjalds og áfengisgjalds.

Á árinu urðu fremur litlar breytingar í starfsmannahaldi. Snemma árs kom nýr maður til starfa á gjaldadeild. Á miðju ári hætti einn starfsmanna virðisaukaskattsdeildar, en annar kom í staðinn. Þrír starfsmenn tóku á árinu fæðingarorlof í mislangan tíma, en samtals svaraði orlof þeirra til eins ársverks. Deildarstjóri virðisaukaskattsdeildar var á síðari hluta ársins í leyfi frá því starfi.

Breytingar á réttarreglum

Á árinu voru allmargar breytingar gerðar á réttarreglum varðandi skatta og gjöld sem eru á verksviði skrifstofunnar. Breytingarnar fólu þó fæstar í sér umfangsmiklar efnislegar breytingar. Eftirtaldar breytingar voru gerðar:

Lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt breytt í þriggja. Breyting með lögum nr. 34/2002 tengist heimild félaga til að færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Breyting með lögum nr. 51/2002 kom til vegna afnáms laga um Þjóðhagsstofnun. Breytingar með lögum nr. 64/2002 varða í fyrsta lagi afmörkun bóka og matvöru er bera 14% vsk. Í öðru lagi vsk-skyldu vegna kaupa þjónustu að utan. Í þriðja lagi endurgreiðslur vsk vegna byggingar og viðhalds íbúðarhúsnæðis. Í fjórða lagi endurgreiðslur vsk til mannúðar- og líknarstofnana og í fimmta lagi almenn tímamörk endurgreiðslna virðisaukaskatts.

Reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, var breytt með reglugerð nr. 480/2002. Breytingarnar varða kaup þjónustu að utan.

Reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, var breytt með reglugerð nr. 554/2002. Breytingarnar

var varða framkvæmd endurgreiðslna, tímamörk þeirra og afnám verðtryggingar.

Reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, var breytt með reglugerð nr. 557/2002. Endurgreiðslurétti voru sett tímamörk.

Reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, var breytt með reglugerð nr. 560/2002. Endurgreiðslurétti voru sett tímamörk.

Reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl., var breytt með reglugerð nr. 456/2002. Breytt var framsetningu afmörkunar matvöru sem ber 14% vsk og endurgreiðslurétti veitingahúsa voru sett tímamörk.

Reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, var breytt með reglugerð nr. 558/2002. Endurgreiðslurétti voru sett tímatakmörk.

Reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, var breytt í tvígang. Með reglugerð nr. 423/2002 var breytt reglum varðandi frágang seldra vara og endurgreiðsluávisana. Með reglugerð nr. 559/2002 voru endurgreiðslurétti sett tímamörk.

Reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, var breytt með reglugerð nr. 13/2002. Breytingarnar lúta að verðmæti vara sem heimilt er að flytja til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda.

Reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, var breytt með reglugerð nr. 552/2002. Endurgreiðslurétti voru sett tímamörk.

Reglugerð nr. 541/2001, um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða, var breytt með reglugerð nr. 556/2002. Endurgreiðslurétti voru sett tímamörk.

Lögum nr. 97/1987, um vörugjald, var ekki breytt, en með auglýsingu nr. 169/2002 var

tilgreiningu tollskránum í viðauka við löginn breytt til samræmis við breytingar á tollskrá.

Sett voru ný lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, er tóku gildi 1. janúar 2003.

Reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilgjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, var breytt með reglugerð nr. 448/2002. Breytt var fjárhæðum skilgjalds.

Lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, var breytt með lögum nr. 122/2002. Breytt var fjárhæðum bæði áfengis- og tóbaksgjalds.

Lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, var breytt með lögum nr. 148/2002. Undanþága frá greiðslu þungaskatts af bifreiðum notuðum í tilraunaskyni var framlengd til loka árs 2004.

Gjaldaskrifstofa veitti fjármálaráðuneyti lið við að undirbúa og semja lagafrumvörp og reglugerðir. Breytingar voru kynntar skattstjór- um og gjaldendum.

Lögfræðileg álit og miðlun upplýsinga.

Umfangsmesti þátturinn í starfi virðisauka- skattsdeildar felst í túlkun réttarreglna og miðlun upplýsinga.

Gjaldendur, þeir sem starfa í þeirra þágu svo og starfsmenn skattstjóraembættanna leita í ríki mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum embættis ríkisskattstjóra á réttar- reglum. Munnlegum fyrirspurnum er jafnan svarað munnlega á grundvelli fyrirbyggjandi skrif- legra gagna, en skriflegum fyrirspurnum er svarað skriflega. Þá ritar ríkisskattstjóri öllum skattstjórum bréf er hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni gefast. Bréf sem fela í sér túlkun sem ekki hefur fyrr verið sett fram með sama hætti (ákvarðandi bréf) eru birt á upplýsingavef RSK og eru þar öllum aðgengi- leg. Við þá birtingu eru nöfn og önnur auðkenni fyrirspyrjenda afmáð úr bréfunum. Á árinu sendi deildin frá sér 53 bréf af umræddum toga, þar af 23 ákvarðandi bréf. Auk þess gaf deildin 13

umsagnir til Alþingis, Umboðsmanns Alþingis og fjármálaráðuneytis. Þá voru gjaldendum sendar 3 almennar orðsendingar varðandi virðisaukaskatt.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglu- gerðarbreytingar, dómar og þeir úrskurðir yfir- skattanefndar sem almennt gildi þóttu hafa.

Mikilvægur þáttur í samræmingu skattfram- kvæmdar eru fundir sem ríkisskattstjóri stendur fyrir á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Fundina sitja starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra. Þá sitja fundina fulltrúar fjármálaráðuneytis og ann- arra stjórnvalda eftir því sem umfjöllunarefni gefa tilefni til hverju sinni. Á árinu 2002 voru slíkir fundir haldnir í maí, með um 60 þátttak- endum, og í nóvember, með um 25 þátttak- endum. Stóð hvor fundur í einn vinnudag og voru tekin fyrir þau málefni er hæst bar varðandi framkvæmd virðisaukaskatts.

Á árinu 2002 var tekinn í gagnið nýr upplýs- inga- og samskiptamiðill fyrir skattkerfið, sem er innri vefur RSK um virðisaukaskatt (VSK- innranet). Á vefnum er m.a. að finna safn laga og reglugerða, lögskýringargögn, fordæmisgef- andi dóma hæstaréttar og úrskurði yfirsatta- nefndar, Handbók um virðisaukaskatt, leiðbein- ingar RSK, almennar orðsendingar og eyðu- blöð. Vefurinn innheldur brunn fréttar og tilkynn- inga. Þá er á honum spjallborð til samskipta fyrir starfsmenn skattkerfisins.

Starfsmenn skrifstofunnar leiðbeindu á nám- skeiðum á vegum skattafræðslu RSK, fluttu fyrirlestra og sátu fyrir svörum á fundum og námskeiðum sem haldin voru af ýmsum sam- tókum og félögum atvinnulífsins.

Kröfugerðir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd

Meðal lögboðinna hlutverka ríkisskattstjóra er að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda í ágrein- ingsmálum sem skotið er til yfirsattanefndar. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning fyrir hönd gjaldkrefjenda og aflar nauðsynlegra gagna frá viðkomandi skattstjóra. Gjaldaskrifstofa fer með

Þetta hlutverk að því er varðar þau gjöld er undir hana heyra. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda mála af umræddum toga á árinu 2002 og samanburður við árið 2001.

	2002	2001
Fjöldi mála í upphafi árs	11	14
Fjöldi mála sem bárust á árinu	33	62
Fjöldi afgreiddra mála á árinu	34	65
Fjöldi óafgreiddra mála í árslok	10	11

Skatterindi

Ríkisskattstjóra er í lögum falin heimild til að breyta skattákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Gjaldaskrifstofa fer með þetta vald að því er varðar gjöld er henni heyra til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema að gjaldandi óski þess og færi fram gildar forsendur breytinga. Að því er varðar óskir um breytingar á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs hefur ríkisskattstjóra falið skattstjórum að taka afstöðu til erinda gjaldanda. Mikill meirihluti slíkra erinda berast skattstjórum á forminu "Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts" í kjölfar árssamanburðar á virðisaukaskattsskilum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjölda skatterinda sem gjaldaskrifstofa tók til afgreiðslu á árinu 2002 og samanburður við árið 2001.

	2002	2001
Óafgreidd erindi í upphafi árs	21	14
Erindi sem bárust á árinu	72	66
Fjöldi erinda framsend skattstjóra	13	13
Fjöldi afgreiddra erinda á árinu	43	46
Fjöldi óafgreiddra erinda í árslok	37	21

Tölvukerfi

Ríkisskattstjóraembættið á tölvukerfin VSK-2000, sem er álagningarkerfi virðisaukaskatts, og Trukk, sem er álagningarkerfi þungaskatts. Rekstur kerfanna er í höndum Skýrr hf. samkvæmt samningum þar um. Umsjón með kerfunum og vinnslu í þeim er hins vegar í höndum starfsmanna gjaldaskrifstofu í samvinnu við

tæknideild. Í umsjón VSK-2000 felst m.a. undirbúningur og samskipti við Skýrr vegna áritunar vsk-skýrslna, vélrænna áætlana, flutnings upplýsinga úr og í tekjubókhaldskerfi, álagningarvinnslu og vélrænnrar gerðar tilkynninga um álagningu. Jafnframt felst í umsjóninni uppsetning kerfisins hjá notendum, uppfærsla handbókar um notkun þess, aðstoð við notendur og samskipti við Skýrr í því sambandi. Ennfremur skoðun daglegra lista yfir færslur og viðeigandi aðgerðir eftir því sem tilefni gefst til. Umsjón með Trukki felur í sér samsvarandi verkþætti. Á árinu var álagning bifreiðagjalds felld inn í Trukk, en jafnframt var Trukk breytt með það fyrir augum að nota hann við álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki.

Skattrannsóknamála

Ríkisskattstjóri endurákvæðir gjöld í kjölfar rannsókna skattrannsóknarstjóra ríkissins. Að því er þau gjöld varðar, er heyra undir gjaldaskrifstofu, kemur skrifstofan í samvinnu við skattaskrifstofu að úrlausn þeirra mála.

Virðisaukaskattur

Í árslok 2002 voru virkar skráningar á grunnskrá virðisaukaskatts 34.550 talsins og hafði fækkað um 223 á árinu. Hlutfallsleg skipting þeirra milli umdæma var: Reykjavík 37,6%, Reykjanes 25,0%, Vesturland 5,5%, Vestfirðir 3,8%, Norðurland vestra 4,2%, Norðurland eystra 8,5%, Austurland 5,6%, Suðurland 8,7% og Vestmannaeyjar 1,1%.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagningu og endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna ársins 2002 og þær fjárhæðir bornar saman við fjárhæðir vegna ársins 2001. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

	2002 m.kr.	2001 m.kr.	Hlutfallsleg breyting
Velta:			
Velta til 14,0% skatts	203.121	190.698	6,5%
Velta til 24,5% skatts	714.389	712.395	0,3%
Skattskyld velta, áætluð	39.248	57.944	-32,3%

Undanþegin velta	403.791	396.278	1,9%
Heildarvelta	1.360.549	1.357.315	0,2%
Virðisaukaskattur:			
Innskattur	167.561	172.450	-2,8%
Útskattur (án áætlana)	203.468	201.239	1,1%
Útskattur áætlaður	9.402	14.028	-33,0%
Álag	1.272	1.732	-26,6%
VSK af innlendum viðskiptum	46.581	44.549	4,6%
VSK vegna innflutnings	45.147	49.287	-8,4%
Álagður virðisaukaskattur alls	91.728	93.836	-2,2%
Endurgreiðslur:			
Vegna íbúðarhúsnæðis	1.203	1.176	2,3%
Til opinberra aðila	1.973	1.801	9,6%
Til orkuveitna	219	135	62,2%*
Til veitingastaða	809	788	2,7%
Til manna búsettra erlendis	253	232	9,1%
Til erlendra fyrirtækja	88	140	-37,1%
VSK að frádregnum endurgreiðslum	87.183	89.564	-2,7%

*Fjárhæðir endurgreiðslna til orkuveitna eru ekki sambærilegar á milli ára þar sem endurgreiðslur til einnar umsvifamikillar orkuveitu koma allt til ársins 2002 fram í lækkun útskatts.

Vörugjald

Í lok árs 2002 voru skráðir á grunnskrá vörugjalds samtals 124 vegna viðskipta innanlands, þ.e. vegna framleiðslu og heildsölu gjaldskyldra vara. Hafði þeim á árinu fækkað um sex. Þá voru skráðir 53 réttshafar endurgreiðslna vörugjalds af innfluttum vörum, vegna endursölu til skírteinishafa og hafði þeim fækkað um einn á árinu.

Álagt vörugjald af viðskiptum innanlands á árinu 2002 nam 687 milljónum króna, samanborið við 666 milljónir króna á árinu 2001. Vörugjald ákvarðað við innflutning, að teknu tilliti til niðurfellinga og endurgreiðslna, nam 2.078 milljónum króna á árinu 2002, samanborið við 2.202 milljónir króna á árinu 2001. Alls nam vörugjald ársins 2002 því kr. 2.765 milljónum króna, sem er 3,6% lækkun frá 2.868 milljónum króna á árinu 2001.

Skilagjald

Fjöldi skráðra gjaldenda skilagjalds á einnota umbúðir drykkjarvara vegna framleiðslu eða átöppunar innanlands var í árslok 2002 óbreytt-

ur frá fyrra ári, þ.e. níu gjaldendur. Álagt skilagjald þeirra nam 376 milljónum króna á árinu 2002, samanborið við 404 milljónir króna á árinu 2001. Ákvarðað skilagjald við innflutning nam á árinu 2002 166 milljónum króna, en nam 152 milljónum króna á árinu 2001. Samtals nam því skilagjald ársins 2002 542 milljónum króna, sem er 2,5% lægra en árið áður.

Pungaskattur

Af ökutækjum sem nota annað eldsneyti en bensín skal greiddur þungaskattur. Gjaldhæð ræðst af þyngd ökutækja. Gjaldadeild annast álagningu skattsins, sinnir upplýsingagjöf þar að lútandi, úrskurðar í kærumálum og hefur eftirlitshlutverki að gegna. Þá ákvarðar deildin sektir vegna formbrota sem ekki hafa leitt til vantans aksturs. Þungaskattur ákvarðast á tvenns konar grundvelli. Annars vegar er fast gjald ákvarðað fyrirfram fyrir hálf t. ári í senn. Hins vegar er gjald fyrir hvern ekinn kílómetra ákvarðað eftir ári fyrir þriðjung árs í senn. Auk vélrænna reglubundinna álagninga er gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra forsendna. Fast gjald var lagt á vegna um 15.800 ökutækja á árinu 2002, samanborið við um 15.600 ökutæki á árinu 2001. Kílómetragjald var lagt á vegna um 11.500 ökutækja á árinu 2002, samanborið við um 11.000 ökutæki á árinu 2001.

Hér fer á eftir yfirlit yfir álagðan þungaskatt á árinu 2002 og samanburður við álagningu ársins 2001. Miðað er við stöðu að lokinni kærumeðferð. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

Pungaskattur:	2002 m.kr.	2001 m.kr.	Breyting %
Fast gjald;			
álagning	2.410	2.390	0,8
skattbreytingar	-101	-91	11,0
staða eftir skattbr.	2.309	2.299	0,4
Kílómetragjald;			
álagning skv. álestri	2.596		
áætlað gjald	828		
samtals álagt gjald	3.424	3.574	-4,2

skattbreytingar	-883	-926	-4,6
álag við álagningu	43	40	7,5
breytingar álags	-29	-30	-3,3
staða eftir skattbr.	2.555	2.658	-3,9
Samtals þungaskattur	4.864	4.957	-1,9

Áætlanir kílómetragjalds voru alls 3.428 talsins á árinu 2002. Í kærumeðferð voru með vélrænum hætti felldar niður 2.943 áætlanir og skattur í stað þeirra ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af öikumælum eða að virtum breytingum á gjaldflokki.

Eftir álagningu voru á árinu 2002 tekin fyrir 2.309 mál. Þar af 1.470 kærur, 661 skatterindi og 178 mál að frumkvæði RSK. Leiddu þau til 2.000 skattbreytinga.

Á árinu 2002 kvað gjaldadeild upp 443 sektarúrskurði vegna formbrota og námu ákvarðaðar sektir samtals rúmlega 5 milljónum króna.

Gjaldendum voru á árinu sendar 4 almennar orðsendingar varðandi þungaskatt.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á vegna um 144.000 bifreiða á árinu 2002, samanborið við um 143.000 bifreiðir á árinu 2001. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálfis árs í senn. Auk þeirra álagninga var gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra forsendna. Bifreiðagjald hækkaði í upphafi árs um 10% frá fyrra ári. Álagning á árinu 2002 var sem hér segir borin saman við álagningu 2001:

Bifreiðagjald;	2002	2001	Breyting
	m.kr.	m.kr.	%
reiknað gjald	3.303	2.933	12,6
niðurfellt gjald	- 283	- 258	9,7
álagt gjald	3.020	2.675	12,9
skattbreytingar	- 100	- 39	156,4
staða eftir skattbr.	2.920	2.636	10,8

Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra skráðra bifreiða. Ekki kom þó til álagningar alls þess gjalds þar sem bifreiðir bótaþega og björgunarsveita svo og bifreiðir 25 ára og eldri eru undanþegnar gjaldi (niðurfellt gjald). Vegna hvors gjaldtímabils kom þannig ekki til álagningar gjalds vegna um 14.000 bifreiða og vóg þáttur bifreiða bótaþega þar langþingst.

Eftir álagningu voru á árinu 2002 tekin fyrir 2.301 mál. Þar af 1.675 kærur, 582 skatterindi og 44 mál að frumkvæði RSK. Leiddu þau til 1.966 skattbreytinga. Þyngs vógu mál bótaþega sem voru 1.495 talsins og leiddu til skattbreytinga í 1.342 tilvikum.

Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda, sem voru fimm á árinu 2002. Skattstjórnarnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið, hvor í sínu umdæmi, í umboði ríkisskattstjóra.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu á árinu 2002 og samanburður við árið 2001. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

Gjald af:	2002	2001	Hækkun
	m.kr.	m.kr.	%
Bjór	1.427	1.233	15,7
Öðru áfengi	253	221	14,3
Samtals	1.679	1.454	15,5

Áfengisgjald ákvarðað við innflutning á árinu 2002 nam 6.174 milljónum króna, samanborið við 4.595 milljónir króna á árinu 2001. Samtals nam áfengisgjald af innlendri framleiðslu og innfluttu áfengi kr. 7.853 milljónum króna, sem er um 29,8% hækkun frá 6.049 milljónum króna á árinu 2001.

Ríkisskattstjóri hefur með höndum yfirstjórn skatteftirlits eins og fram kemur í 102. gr. laga nr. 75/1981. Helstu verkefni eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra eru að hafa umsjón með skipulagi eftirlits, gerð samræmdra eftirlitsáætlana og leiðbeininga í tengslum við eftirlit og sjá um söfnun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga sem tengjast skatteftirliti. Ennfremur fylgist eftirlitsskrifstofa með eftirlitsstörfum starfsmanna skattkerfisins, hefur umsjón með greiningu atvinnugreina, prófun eftirlitsaðgerða og þróun aðferða við skatteftirlit.

Þá hefur eftirlitsskrifstofa umsjón með söfnun og dreifingu upplýsinga milli landa á grundvelli aðstoðarsamnings í skattamálum og tvísköttunarsamnings sem og framsendingu ábendinga á milli skattumdæma, umsjón með skoðun og afgreiðslu erinda sem tengjast fyrirkomulagi bókhalds og tekjuskráningar og fylgist með þróun á tölvukerfum/tölvuhugbúnaði og hverskonar pappírslausum viðskiptum í atvinnulífinu.

Á síðustu misserum hefur eftirlitsskrifstofa fengið fleiri verkefni, eins og eftirlit með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði og sundurliðun búnaðargjalds.

Eftirlitsáætlanir

Eins og fram kemur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, skal ríkisskattstjóri árlega semja sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir á sínum vegum og á vegum skattstjóra í samráði við þá. Þessi áætlun er nefnd "Eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra" skammstafað ESR. Við gerð eftirlitsáætlunar er haldið áfram að þróa áætlanagerð í skatteftirliti frekar, en sífellt er unnið að endurskoðun og endurbótum slíkra áætlana í ljósi fenginnar reynslu frá fyrri árum. Í eftirlitsáætlunum eru tiltekin skattaleg atriði kerfisbundið tekin til athugunar. Þá eru til-

teknar atvinnugreinar teknar til skoðunar í eftirlitsáætlunum og reynt er að ná til þeirra allra með reglulegu millibili. Auk þessa geta tiltekin rekstrarform sætt sérstakri skoðun í eftirlitsáætlun, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Á sumarmánuðum 2002 kom út "ESR 2002-2003", en í þeirri áætlun var stuðst við áhættugreiningu við val á aðilum til skoðunar. Samhliða var unnið að leiðbeiningagerð í tengslum við áætlunina. Á seinni hluta ársins 2002 hófst síðan undirbúningur að gerð "ESR 2003-2004".

Eftirlit með iðgjaldagreiðslum

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998, var ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers einstaklings sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

Starfshópur sem skipaður var til að gera tillögur að heildarskipulagi eftirlits ríkisskattstjóra kynnti ríkisskattstjóra tillögur sínar. Starfshópurinn mun halda áfram að hittast og þróa eftirlitið enn frekar.

Á árinu 2002 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2001. Þær upplýsingar voru síðan keyrðar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga, m.v. tíund af iðgjaldsstofni sem samanstendur af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum. Í ljós kom að 9.954 einstaklingar, að teknu tilliti til ákveðinna vikmarka, reyndust með vangoldin iðgjöld. Þetta er tölurverð fækkun frá árinu áður, en þá voru 11.645 einstaklingar með vangoldin iðgjöld, auk þess sem vikmörkin voru lækkuð milli ára. Starfshópurinn vill líta svo á að hin jákvæðu teikn séu, a.m.k. að einhverju leyti, eftirlitinu að þakka.

Listar yfir einstaklinga með vangoldin iðgjöld voru sendir viðeigandi lífeyrissjóðum, en þeir einstaklingar sem ekki voru merktir lífeyrissjóði voru

sendir Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðirnir sjá alfarið um innheimtu á hinum vangoldnu iðgjöldum og hefur Fjármálaráðuneytið gefið út reglur til þess að samræma vinnubrögð þeirra.

Á árinu 2002 kallaði eftirlitsskrifstofa einnig eftir upplýsingum um innheimtu lífeyrissjóðanna vegna ársins 2000 og framsendi þær upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins.

Upplýsingaskipti á milli landa

Eftirlitsskrifstofa ríkisskattstjóra hefur á sínu verksviði að sjá um upplýsingamiðlun á milli landa. Upplýsingamiðlunin er byggð á tvísköttunarsamningum og Norðurlandasamningi um aðstoð í skattamálum en þeir samningar taka til tekjuskatta og eignarskatta. Einnig hafa Norðurlandabjórinnar fullgilt Evrópusamning um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum, en sá samningur tekur bæði til beinna og óbeinna skatta.

Upplýsingaskiptin geta verið með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi skiptast íslensk skattfyrirvöld árlega á upplýsingum við þau lönd sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við og varða einstaklinga sem bera takmarkaða skattskyldu í öðru aðildarríkinu en ótakmarkaða í hinu. Í öðru lagi geta upplýsingaskiptin verið samkvæmt beiðni þar sem óskað er eftir að viðkomandi skattfyrirvöldum verði veittar tilteknar upplýsingar. Í þriðja lagi senda löndin tilfallandi upplýsingar sín á milli sem geta skipt máli varðandi skattskil í því land sem fær upplýsingarnar.

Á síðustu árum hefur fjölgað mjög þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við önnur lönd. Þannig hafði Ísland gert 23 tvísköttunarsamninga í árslok 2002, þ. á m. Norðurlandasamningurinn. Á sama tíma höfðu 12 samninganna öðlast formlega gildi.

Með fjölgun tvísköttunarsamninga hafa reglulegar sendingar á upplýsingum til íslenskra skattfyrivalda aukist verulega um erlendar tekjur

skattskyldra aðila hér á landi. Í ljósi þess var um mitt ár 2001 hafinn undirbúningur við að greina, skrá og vinna úr þessum upplýsingum til þess að tryggja rétta skattlagningu slíkra tekna að því marki sem þær teldust skattskyldar hér á landi. Upplýsingar þessar hafa fram til þessa almennt borist ríkisskattstjóra á sérstökum eyðublöðum sem gerð eru samkvæmt lýsingu OECD frá 1997 fyrir upplýsingaskipti á pappírformi. Á allra síðustu árum hafa nokkur lönd þó tekið upp miðlun upplýsinga í tövutæku formi sem miðað er við sérstaka færslulýsingu OECD frá 1997 eins og hún er nú í endurskoðaðri mynd frá 1992. Búast má við því að á næstu árum muni skattfyrirvöld í auknum mæli skiptast á slíkum upplýsingum með rafrænum hætti. Ríkisskattstjóri hefur því lagt áherslu á að byggt verði upp upplýsingakerfi m.a. til nota við nefnd upplýsingaskipti þar sem umrædd færslulýsing OECD er lögð til grundvallar. Markmiðið er að eftirlitsskrifstofa ríkisskattstjóra geti eigi síðar en 2004 jafnt sent sem móttekið skattalegar upplýsingar frá erlendum skattfyrirvöldum á rafrænu formi.

Um mitt ár 2002 lágu fyrir niðurstöður vegna úrvinnslu þeirra upplýsinga sem borist höfðu eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra frá erlendum skattfyrirvöldum vegna tekna sem aflað hafði verið erlendis af skattskyldum aðilum búsettum hér á landi m.a. vegna tekjuársins 2001. Um var að ræða skattskyldar tekjur einstaklinga og lögáðila sem skoðun eftirlitsskrifstofunnar sýndi að ekki höfðu verið taldar fram af hálfu viðkomandi aðila hér á landi. Voru upplýsingar þessar sendar viðkomandi skattstjórum til afgreiðslu. Um var að ræða tekjur einstaklinga og lögáðila frá fjórum löndum samtals að fjárhæð um 221,6 mkr. en af þeim höfðu þeir greitt erlendis í staðgreiðslu 25,8 mkr. Á þessu stigi liggja ekki fyrir upplýsingar um endanlega álagningu vegna

þessara óframtöldu tekna en gera má ráð fyrir að þær skipti einhverjum tugum milljóna.

Bókhald og tekjuskráning

Sífelld færast í vöxt að rekstraraðilar sækja um undanþágu frá hefðbundinni tekjuskráningu, þ.e. frá sjóðvélum og reikningum í þríriti, enda sjá slíkir aðilar hagræði í því að nota önnur tekjuskráningar- og upplýsingakerfi. Þannig hafa eftirlitsskrifstofu borist beiðnir um að fá t.d. að nota; reikninga sem tölvukerfi sér um að númera sjálf í stað fyrirfram tölusettra reikninga, reikninga í einriti í stað þrírits þar sem afrit verði geymd í óslitinni númeraröð á tölvutæku formi, A-gíróseðla í einriti og greiðsluseðla í stað reikninga.

Á árinu var áfram unnið með hugbúnaðarfyrirtækjum í sambandi við túlkun á einstökum ákvæðum reglugerðar um rafrænt bókhald. Einnig var unnið að því að koma öllum samskiptum vegna tekjuskráningarerinda í fastan farveg, þannig að svör við innsendum erindum yrðu sem mest í stöðluðu formi.

Á árinu 2002 bárust 233 tekjuskráningarerindi. Alls voru afgreidd 282 tekjuskráningarerindi á árinu, 225 sem bárust 2002 og 57 sem bárust 2001.

Vettvangseftirlit

Einn starfsmaður eftirlitsskrifstofu hefur sinnt svokölluðu vettvangseftirliti. Hlutverk hans er að kanna hvort fyrirtæki og rekstur sé skráður, hvort tekjuskráning sé í lagi, hvort velta rekstrarins sé eðlileg og hvort starfsmenn á vinnustað séu skráðir. Upplýsingarnar eru síðan sendar eftirlitseiningum skattstjóra. Á síðasta ári voru 310 aðilar heimsóttir.

Búnaðargjald

Eftirlitsskrifstofa hefur á síðustu tveimur árum unnið að samantekt heildartalna um skiptingu

tekna af búnaðargjaldi milli einstakra búgreina samkvæmt fyrirliggjandi sundurliðunum úr framtölum búnaðargjalds. Skattstjórar leggja á búnaðargjald og ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum, og á grundvelli þeirrar sundurliðunar er tekjum af búnaðargjaldi skipt á milli einstakra sjóða og samtaka landbúnaðarins.

Eftirlitsskrifstofa aflaði upplýsinga um álagt búnaðargjald á árinu 2001 frá skattstjórum og sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum samkvæmt framteljendum. Voru niðurstöðurnar sendar Ríkisbókhaldi. Bændasamtök Íslands fengu auk þess skiptingu á milli einstakra búgreina eftir sveitarfélögum.

Ábendingar

Nokkuð er um að ábendingar berist eftirlitsskrifstofu um hugsanlegar rangfærslur eða undandrätt frá sköttum. Á árinu 2002 bárust eftirlitsskrifstofu 75 almennar ábendingar varðandi undandrätt eða skattsvik. Af þeim voru 73 sendar skatteftirliti ríkisskattstjóra og skattstofunum í Reykjavík og Hafnarfirði en 2 voru teknar til frekari athugunar hjá eftirlitsskrifstofu RSK.

Ýmis önnur mál

Eftirlitsskrifstofa vann auk þess að fjölmörgum öðrum málum á árinu, m.a. í samráði við eftirlitseiningar skattstjóra og aðrar skrifstofur ríkisskattstjóra.

Á árinu var komið að vinnu í sambandi við nýjar reglugerðir og breytingar á eldri reglugerðum.

Auk þess tóku starfsmenn eftirlitsskrifstofu þátt í starfshópum ríkisskattstjóra og kenndu á þjónustunámskeiðum hjá RSK.

Fundur

Í byrjun september var haldinn hér á landi árlegur fundur yfirmanna skatteftirlits á Norðurlöndum.

SKATTEFTIRLIT

RÍKISSKATTSTJÓRA

Forstöðumaður: Guðni Ólafsson
Fjöldi ársverka: 7,0

Skatteftirlit ríkisskattstjóra sinnir skatteftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanesumdæma, í samvinnu og samráði við skattstjóra viðkomandi umdæma. Sérstakur eftirlitsfulltrúi er staðsettur hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi og sinnir hann eftirliti í því umdæmi undir stjórn viðkomandi skattstjóra. Árið 2002 var sjötta starfsár skatteftirlits ríkisskattstjóra í þeirri mynd sem það nú er.

Deildir

Starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra er formlega skipt upp í tvær deildir, annars vegar eftirlitsdeild og hins vegar úrskurðadeild. Eftirlitsdeildin sér um skatteftirlit, sem felur í sér heimsóknir á starfsstöðvar gjaldenda í vettvangs- og bókhaldsskoðanir og ritun fyrirspurnarbréfa og boðunarbréfa vegna fyrirhugaðra gjaldabreytinga. Úrskurðadeildin sér um að endurákvæða í þeim málum sem fá slíka meðferð, auk þess að framkvæma skýrslutökur. Ennfremur aðstoða starfsmenn úrskurðadeildar við skatteftirlit.

Skipting verkefna

Eftirlitsverkefnum er skipt í eftirlit innan ársins annars vegar og eftirlit eftir álagningu hins vegar. Eftirlit innan ársins getur beinst að þeim sköttum sem standa skal skil á innan ársins, þ.e. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitið getur falist í reglulegu og sértæku eftirliti. Reglulegt eftirlit felst þannig í almennri könnun á skilum eins eða fleiri tímabila, á meðan sértækt eftirlit felst í því að kanna afmarkaða þætti innan hvers skattflokks, t.d. ef eingöngu er kannaður innskattur í virðisaukattsskilum viðkomandi. Með eftirliti eftir álagningu er átt við gagnrýna endurskoðun á framtölum gjaldenda. Þetta eftirlit skiptist einnig í reglulegt eftirlit, sem felst í að skoða skattskil gjaldenda almennt, og sértækt eftirlit, sem felst í skoðun afmarkaðra atriða sem tengjast skattskilum fyrri ára hjá gjaldendum.

Verkefni ársins 2002

Á árinu 2002 var samin samræmd eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra. Eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra 2002 - 2003 samanstendur af samræmdum hluta annars vegar og eigin hluta skattstjóra hins vegar. Miðað var

við að um 50% af vinnumagni væri ráðstafað til hins samræmda hluta eftirlitsáætlunar. Við val á aðilum í samræmda hlutanum var notast við áhættugreiningu, þar sem reynt var að skoða þau atriði sem gátu gefið vísbendingu um að skattskil væru ekki í samræmi við skattalög. Stuðst var við upplýsingar vegna rekstrarársins 2000. Á árinu 2002 var hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra ekki í gildi nein sérstök áætlun vegna eigin vals skattstjóra heldur voru einungis skoðuð þau mál sem skattstjórar viðkomandi umdæma sendu til skoðunar. Tímabil eftirlitsáætlana nær nú yfir tímabilið 1. apríl til og með 31. mars.

Afgreiðsla mála hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra

Í lang flestum tilvikum afgreiðir skatteftirlit ríkisskattstjóra þau mál sem unnið er að á þann hátt að þeim er lokið á því stjórnáslustigi, þ.e.a.s. að ef tilefni er til breytinga á opinberum gjöldum í framhaldi af skoðun, þá framkvæmir skatteftirlit ríkisskattstjóra þá breytingu. Máli lýkur þá með úrskurði um endurákvörðun, sem kæránlegur er til yfirskattanefndar. Skattstjórar hafa einnig framkvæmt gjaldabreytingar í tilteknum málum, sem skatteftirlit ríkisskattstjóra hefur aðstoðað við að upplýsa.

Tölulegar upplýsingar

Breytingar á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti samkvæmt endurákvörðunum:

	2002	2001
Opinber gjöld	26.047.019	42.230.742
Virðisaukaskattur	9.169.052	11.478.950
Tryggingagjald	479.984	374.947
Álag á vangr. staðgr.	396.506	942.073
Lækkun yfiræranl. taps	1.683.899	-10.287.239*

Málafjöldi:	2002	2001
Stofnuð ný mál á árinu	171	137
Í vinnslu f.f.ári	153	185
Lokið á árinu	112	114
Fjöldi endurákvörðana	52	53
Framsent til SRS	1	2
Í vinnslu um áramót	159	153

* Viðskipti á milli einstaklings og einkahlutafélags í hans eigu voru færð miðað við markaðsverðmæti og leiddi það til hækkunar á yfiræranlegu tapi hjá félaginu.

Hjá tæknideild starfa 8 manns. Deildin skiptist í vélbúnaðar- og hugbúnaðarsvið. Deildin sér um og hefur eftirlit með smíði og rekstri alls hugbúnaðar fyrir skattkerfið. Þá sér deildin um rekstur gagnaflutningsnets og endurnýjun, viðhald og rekstur fyrir stærstan hluta skattkerfisins. Á árinu hófst undirbúningur flutnings fyrirtækja- og hlutafélagaskrár til ríkisskattstjóra og þurfti bæði að huga að vélbúnaði og hugbúnaði vegna þess flutnings.

Á árinu var unnið að heildarendurskoðun samninga við Skýrr í samvinnu við stjórnunarskrifstofu og nýir samningar til tveggja ára undirritaðir í árslok.

Hugbúnaðarmál

Á árinu 2002 var enn haldið áfram á braut rafrennar stjórnsýslu. Lögð var áhersla á við smíði og viðhald kerfa að þau létu bæði skattaðilum og starfsfólki skattstofa lífið.

Rafræn skil staðgreiðslu hófust á árinu og nýtt framtalavinnsluferfi, Harpa, var tekið í notkun. Þá voru kannaðir möguleikar á viðtækri notkun rafrænna skilríkja í samskiptum skattaðila og skattyfirvalda.

Eins og á árinu 2001 var mikil vinna lögð í áætlanagerð í upphafi árs sem lokið var í marsbyrjun með skilum áætlunar til fjármálaráðuneytis, Tölvukerfi skattyfirvalda - Áætlun og fjárlagatillögur 2002-2003. Hugbúnaðarhluti áætlunarinnar byggir nú að stærstum hluta á föstum samningum við hugbúnaðarhús, en svigrúm til nýsköpunar er því miður þröngt.

Í upphafi ársins voru miklar annir við að undirbúa aukna áritun upplýsinga á skattframtöl. Nú voru í fyrsta sinn áritaðar upplýsingar frá Íbúðalánasjóði, sem kemur stórum hluta framteljenda til góða. Þá var áritun launaupplýsinga aukin og er stór hluti þeirra nú áritaður. Þá voru sem fyrr einnig áritaðar upplýsingar frá Tryggingastofn-

un, Fasteignamati, Skráningarstofu og LÍN. Hugbúnaðarvinna vegna þessa var talsverð og einnig var umtalsverð vinna tengd því að fara yfir og vinna úr aðsendum upplýsingum.

Framtalseyðublöðum var vélpakkað í annað sinn og voru strikamerkingar nýttar til þökkunar á aukablöðum í samræmi við skil framteljenda á fyrra ári. Rúm 10% framteljenda fengu þó eingöngu senda veflykla í samræmi við óskir þar um við framtal árið áður.

Vefframtalið var þróað áfram og fleiri blöð gerð aðgengileg á vefnum og villuprófanir eflðar. Nú er hægt að fá bráðabirgðaútreikning við útfyllingu framtalsins, en ekki einungis við skil. Allt eykur þetta líkur á villulausum framtölum sem þá þurfa hugsanlega eingöngu sjálfvirka yfirferð.

Rafræn skil frá endurskoðendum og bókurum voru með svipuðu sniði og áður, en stærsta breytingin var sú að nú bauðst þeim að skila rekstrarskýrslu (RSK 4.11) rafrænt.

Rafræn skil skattframtala hafa aukist með ævintýralegum hætti, eða úr 35% árið 2000 í 63% árið 2001 og ríflega 74% árið 2002, sem var fram úr björtustu vonum. Þau framtöl sem skilað er rafrænt fara í gegnum vélræna regluþrófun og voru um 45% framtala samþykkt til álagningar án aðkomu starfsfólks árið 2002. Starfsfólk getur eigi að síður tekið ákvörðun um að skoða þessi framtöl ef ástæða þykir til. Önnur framtöl, sem skilað var rafrænt, var farið yfir með hliðsjón af niðurstöðum regluþrófunar.

Á árinu 2001 hóf starfsfólk skattstofunnar á Akureyri að skrá framtöl sem bárust á pappír inn á framtalsvefinn. Þessi leið var þróuð áfram á árinu 2002 með það fyrir augum að hún yrði notuð á öllum skattstofunum. Leiðin var nefnd "Norðurleiðin" sem skýrist af tilurð hennar. Norðurleiðin var notuð fyrir um þriðjung þeirra framtala sem bárust á pappír. Þessi framtöl

voru síðan meðhöndluð eins og framtöl sem bærust rafrænt og nutu flestra þeirra kosta sem því fylgja. Í ljósi þessarar reynslu verður inn-skráning og meðhöndlun þróuð áfram í því augnamiði að öll framtöl hljóti sambærilega meðferð.

Rekstur vefframfarsins hefur aldrei gengið betur en árið 2002. Reksturinn gekk hnökra-laust og liðugt, þrátt fyrir háa álagstoppa.

Haustið 2002 var hafinn undirbúningur undir að veita þeim sem telja fram rafrænt aukna þjónustu varðandi aðgang að gögnum. Ákveðið var að stefna að því að þeir sem skilað hefðu rafrænt árið áður, fengju aðgang að framtali sínu með áorðnum breytingum við rafræna framtalsgerð árið eftir. Þá var einnig ákveðið að stefna að því að þeir sem teldu fram rafrænt gætu sótt staðfest afrit eftir skil, undirritað með rafrænum skilríkjum ríkisskattstjóra, á rsk.is.

Rafræn skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi hófust formlega í febrúar 2002, en þá var opnað fyrir vefskil með sambærilegum hætti og rafræn skil á virðisaukaskatti. Gagnamagnið getur þó verið margfalt, því sendar eru inn sundurliðaðar upplýsingar um launþega. Um mitt ár var einnig boðið upp á svokölluð skeytaskil, sem eru ný leið þar sem boðið er upp á bein samskipti við launakerfi með svokölluðum XML skeytum. Á haustdögum 2002 voru helstu launakerfi á markaðnum búin að opna fyrir þessa leið. Bein samskipti við tölvakerfi viðskiptavina skattýfirvalda verða nýtt við mörg verkefni í framtíðinni.

Nú er svo komið að um 10% þeirra sem skila virðisaukaskatti og staðgreiðslu, skila rafrænt og vex sú tala jafnt og þétt.

Framtalavinnslukerfið Harpa var tekið í notkun í áföngum á árinu 2002 og leysti Sögukerfið af hólmi. Harpa er framtíðarkerfi við vinnslu framtala og eru viðhald og viðbætur við kerfið auðveldari en við fyrra kerfi. Á árinu 2002

voru skattbreytingar og svokallaður handreikningur byggð inn í þetta nýja kerfi. Hvort tveggja verður þróað áfram á næstu árum.

Bragi L. Hauksson, deildarstjóri hugbúnaðarsviðs, fór á ráðstefnu um rafræna stjórnsýslu í Lissabon í maí 2002. Þar flutti hann fyrirlestur um rafræna stjórnsýslu og öryggi. Árangur ríkisskattstjóra í rafrænni stjórnsýslu vakti mikla athygli og spurðu fulltrúar annarra þjóða margs um aðferðir ríkisskattstjóra og þessa skrytnu þjóð í norðri sem dundaði við það í skammdeginu að eiga rafræn samskipti við skattýfirvöld.

Mikill árangur hefur náðst í rafrænni stjórnsýslu hjá ríkisskattstjóra. Sífellt er leitað nýrra leiða til þess að auka og efla þjónustu við skattborgarana og hagræða og einfalda vinnsluferli. Öryggi í viðum skilningi er afar mikilvægt í þessu sambandi og er ýmsum aðferðum beitt til að tryggja það. Notaðir eru veflyklar við skattframtal á vefnum og rafræn skilríki (svokölluð Pretty Good Privacy skilríki) við skil endurskoðenda og bókara. Veflyklar hafa marga kosti, en notkun þeirra getur orkað tvímælis ef veittur er aðgangur að mjög viðkvæmum gögnum eða ef þörf er á óvæfengjanlegri undirskrift. Í ljósi þessa og margvíslegra möguleika á aukinni þjónustu og hagræðingu hefur embættið skoðað alvarlega möguleika á víðtækri notkun rafrænna skilríkja í samskiptum skattaðila og skattýfirvalda. Stofnað var til samstarfs með fjármálaráðuneyti og 7 öðrum ríkisstofnunum sem eru í miklum samskiptum við almenning og fyrirtæki. Markmiðið var að kortleggja þörfina fyrir örugga auðkenningu og undirskrift hjá þessum stofnunum og kanna hvort forsendur væru fyrir því að kosta slík rafræn skilríki að hluta eða öllu leyti með þeirri hagræðingu sem af þeim hlytist. Starfið gekk vel og er skemmst frá því að segja að ýtt hefur verið úr vör tilraunaverkefni um útgáfu og notkun fjölnota rafrænna skilríkja. Sam-

ið var við Skýrr hf. um kaup á 1.500-2.000 skilríkjum frá VeriSign, en auk þess verða prófuð skilríki frá fleiri aðilum. Mikil vinna hefur farið í að skilgreina uppbyggingu skilríkjanna, umgjörð og vottunarstefnu, en sú vinna mun nýtast í framtíðinni. Fyrsta tilraunaverkefnið hjá ríkisskattstjóra sem byggir á þessum skilríkjum er rafræn skil á virðisaukaskatti, en áfram verður þó opið fyrir skil með veflyklum.

Vélbúnaður

Umfang verkefna hefur aukist mjög á undanförunum misserum sem og kostnaður. Þá hefur tækniumhverfi breyst. Því var á árinu kannað hvaða leiðir væru færar til þess að veita sömu eða betri þjónustu með minni tilkostnaði. Vélbúnaður, grunnhugbúnaðar, nethögun og öryggismál voru skoðuð í þessu samhengi. Ákveðið var að leggja af rekstur netþjóna á tveimur skattstofum, en þjóna þeim þess í stað beint frá ríkisskattstjóra. Þessi möguleiki hefur opnast þar sem tengingar við skattstofur hafa verið stórefldar.

Opin kerfi tilkynntu að viðhaldi og þjónustu við netkerfi ríkisskattstjóra (ASU frá Hewlett Packard sem keyrir á Unix) yrði hætt. Í framhaldi af því var ákveðið að hraða enn frekar flutningi á þjónustu við skattstofur til ríkisskattstjóra. Fyrst var skoðað vandlega kerfi sem heitir CIFS, en það stóðst ekki samanburð við nýjustu netkerfi. Niðurstaðan varð að setja upp tvo Windows 2000 netþjóna fyrir skattkerfið. Skattstofa Reykjaness og yfirskattanefnd munu samt enn um sinn vera með eigin netþjóna, en þeir voru endurnýjaðir á árinu.

Aukið gagnamagn hjá ríkisskattstjóra, m.a. vegna flutnings gagna skattstofa til ríkisskattstjóra, kallaði á eflingu tækja og hugbúnaðar.

Þá voru tæki skattstofu Reykjaness og yfirskattanefndar endurnýjuð. Forrit til afritatöku (Omniback) var sett upp á Unixvél sem heldur utan um afritatöku. Stefnt er að því að þetta forrit verði í framtíðinni notað við alla afritatöku hjá ríkisskattstjóra.

Skrifstofuvöndullinn var endurnýjaður með kaupum á 50 Msoffice-leyfum og 180 Staroffice-leyfum.

Málakerfi

Í upphafi árs voru 12 Lotus Notes þjónar í skattkerfinu. Á árinu voru lögð drög að því að fækka þessum þjónum um helming. Byrjað var á að leggja niður Notes þjón á skattstofu Norðurlands eystra og flytja vinnsluna yfir á vél hjá ríkisskattstjóra. Reynsla af því var góð og batnaði t.d. svartími í málakerfinu (GoPro). Notes þjónarnir keyra á HP-UX vélum. Þær vélar þykja mjög traustar sem Notes þjónar. Stuðningur Notes (IBM) við HP-UX stýrikerfið er hins vegar ekki nógu góður og nýjar útgáfur af Notes koma seinna fyrir það en önnur stýrikerfi og ekki er ólíklegt að stuðningur leggist alveg af. Þetta hefur valdið nokkrum erfiðleikum við uppfærslur.

Málakerfið GoPro er notað fyrir öll mál hjá ríkisskattstjóra, skattranssóknarstjóra, yfirskattanefnd og skattstofunum í Austurlandsumdæmi, Norðurlandi eystra, Reykjavík, Reykjanesi og Vestfjörðum.

Keypt var viðbót við GoPro, e:statistics, til þess að auðvelda notendum að draga fram tölulegar upplýsingar úr Lotus Notes og flytja t.d. yfir í Excel. Auk þess hefur ýmsu verið bætt við staðlaða málakerfið til að aðlaga það þörfum hverju sinni.

Inngangur

Skattafræðslan hefur með höndum fræðslustarfsemi skattkerfisins. Hún skipuleggur námskeið fyrir þær stofnanir sem hafa með höndum skattaframkvæmd svo og fyrir aðrar stofnanir eða hópa sem óska eftir fræðslu á þessu sviði. Í starfinu felst að gera áætlanir um námskeið og yfirlit yfir fræðsluefni, gerð kennsluefnis og umsjón með kennslugögnum auk þess að semja við leiðbeinendur og stofnanir sem að fræðslunni koma. Önnur verkefni koma einnig til kasta skattafræðslu og má þar helst til nefna gerð verklagsreglna og leiðbeininga- og kynningarbæklinga. Þá er ritstjórn Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, í höndum skattafræðslu.

Í ársbyrjun komu í hlut skattafræðslu ýmis verkefni sem tilheyra árlegri gerð framtalsgagna. Má þar nefna endurskoðun á eyðublöðum og bæklingum og ritstjórn leiðbeininga með skattframtali einstaklinga. Þá fer einnig fram á vegum skattafræðslu kynningarstarfsemi af ýmsu tagi.

Námskeiðahald á árinu 2002 var tvíþætt. Annars vegar voru reglubundin námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja atvinnurekstur og hins vegar starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrvalda.

Námskeið fyrir nýja í rekstri

Eins og á síðasta ári voru haldin námskeið um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Þessum námskeiðum er skipt í þrjú hluta, en hver hluti stendur yfir í 4 kennslustundir. Námskeiðin voru sett upp á heimasíðu rsk og eru kynnt þar. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á öllum námskeiðum á árinu. Þá hefur verið farið með námskeiðin út á

land eftir því sem tilefni er til og að þessu sinni var haldið námskeið á Egilsstöðum.

Þá voru haldin á námskeið fyrir nokkur fyrirtæki og stofnanir auk þess sem haldin voru margir fræðslufundir fyrir faghópa.

Starfsfræðslunámskeið

Árlega eru haldin starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfyrvalda og ræðst umfang þeirra nokkuð af því hversu miklar breytingar og nýjungar eru á döfinni. Að þessu sinni voru haldin ellefu starfsfræðslunámskeið, tvö á vorönn og níu á haustönn og sóttu þau 313 starfsmenn. Leiðbeinendur sem komu að þessum námskeiðum voru 20.

Námsefnið sneri að venju að hinum ýmsu þáttum skattaframkvæmdar og voru haldin námskeið um einstaklings- og atvinnurekstrarframtöl, nýtt framtalakerfi, skatteftirlit, virðisaukaskatt, framvirka samninga, teymisstjórnun, þjónustu og að auki var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur. Þá voru haldin fræðslufundir á skattstofum.

Tíund

Tíund hélt áfram göngu sinni og komu út þrjú tölublöð, í apríl, ágúst og desember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál.

Önnur verkefni

Ýmis önnur tilfallandi verkefni eru á höndum skattafræðslu og má þar nefna upplýsingagjöf, svör við fyrirspurnum, verkefni í tengslum við afgreiðslu skatterinda, úrvinnsla úr tölulegum upplýsingum, skýrslugerð og vinna í sambandi verklagsreglur o.þ.h.

JANÚAR

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 1, um staðgreiðslu 2002

Orðsending til launagreiðenda nr. 2, um skattmat 2002

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 1 um fast gjald

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 2 um álestrartímabil 20. jan. – 10. feb. og nýja akstursbók

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 1 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2002

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 2 um ársskil

Orðsending nr. 1 um fjármagnstekjur, um skil á staðgreiðslu

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 149/2001 um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki (tók gildi 1. janúar 2002)

Reglugerð nr. 949/2001 um breytingu á reglugerð nr. 526/2002, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins (tók gildi 1. janúar 2002)

Auglýsing nr. 126/2001 um breytingu á viðauka nr. I við tollalög nr. 55/1987 (tók gildi 1. janúar 2002). Hefur áhrif á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald

Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (15.627 ökutæki)

Álagning bifreiðagjalds (142.176 ökutæki)

FEBRÚAR

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 3, um rafræna staðgreiðslu

Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (14.228 ökutæki)

Skattframtöl

Árituð voru 144.211 framtöl fyrir 195.674 einstaklinga. Í fyrsta sinn áttu framteljendur þess kost að fá eingöngu sendan veflykil og voru send út 15.862 veflyklabréf með veflyklum 21.388 einstaklinga. Þá voru árituð 10.630 framtöl fyrir lögaðila, auk launaframtala og annarra gagna.

Vefurinn rsk.is

Birt niðurstaða úr nytsemismati, sem unnið var af Sjá ehf.

Nýr og endurbættur vefur rsk.is opnaður sem og Vefskilavefur

Rafræn skil staðgreiðslu formlega opnuð

Rafræn skilríki

Samstarfi ríkisskattstjóra, 7 annarra stofnana og fjármálaráðuneytis um athugun og undirbúningu rafrænna skilríkja ýtt úr vör.

MARS

Vefurinn rsk.is

Netframtal 2002 opnað.

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 18/2002, um breytingu á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum (hækkun gjalds).

Lög nr. 19/2002, um póstpjónustu, (jöfnunargjald).

APRÍL

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 25/2002, um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (reikningshald í erlendum gjaldmiðli).

Lög nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Lög nr. 34/2002, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum (reikningshald í erlendum gjaldmiðli).

Lög nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum (gjaldstofn).

Gjaldskrá nr. 310/2002, vegna kostnaðar við gerð bindandi álita í skattamálum.

Tíund

Fyrsta tölublað ársins af Tíund kom út.

MAÍ

Vsk – fundur

Fundur um virðisaukaskatt með þeim sem koma að framkvæmd hans

Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 3 um álestrartímabil 20. maí – 10. júní

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 34/2002 um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Lög nr. 65/2002, um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (reiknað endurgjald o.fl.).

Lög nr. 74/2002, um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum (tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.).

Lög nr. 79/2002, um breytingu á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög (reikningshald í erlendum gjaldmiðli).

Námskeið

Námskeið fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur haldið á Eskifirði. Þetta var jafnframt síðasta námskeið vetrarins sem annars er haldið mánaðarlega í húsakynnum RSK í Reykjavík.

Vefurinn

Nýr innrífur VSK opnaður

Ráðstefna

Deildarstjóri hugbúnaðarsviðs sótti ráðstefnu um rafræna stjórnsýslu í Lissabon og hélt fyrirlestur þar um rafræna stjórnsýslu og öryggi.

JÚNÍ

Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (12.664 ökutæki)

Skatteftirlit

Eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra gefin út.

JÚLÍ

Orðsendingar

Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 3 um lagabreytingar o.fl.

Skattstjórafundur

Hinn árlegi skattstjórafundur með fjármálaráðuneyti og skattstjórum var haldinn í Keflavík.

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 51/2002 um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun

Lög nr. 64/2002 um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Reglugerð nr. 13/2002 um breyting á reglugerð nr. 526/2002, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins

Reglugerð nr. 423/2002 um breytingu á reglugerð nr. 294/1997, endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis

Reglugerð nr. 448/2002 um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilgjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

Reglugerð nr. 480/2002 um breytingu á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá

Reglugerð nr. 546/2002 um breytingu á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.

Auk þess tóku gildi breytingar á reglugerðum á sviði virðisaukaskatts þar sem settur var fyrningarfrestur á rétt til sérstakra endurgreiðslna sem byggja á lögum um virðisaukaskatt.

Álagning

Sendir út 240.572 skatt- og innheimtuseðlar vegna opinberra gjalda manna og barna

Álagning fasts gjalds þungaskatts (15.854 ökutæki)

Álagning bifreiðagjalds (144.596 ökutæki)

Innri vefur RSK

Tekinn í gagnið nýr upplýsinga- og samskiptamiðill fyrir skattkerfið, sem er innri vefur RSK um virðisaukaskatt (VSK-innranet).

ÁGÚST

Tíund

Annað tölublað ársins af Tíund kom út.

SEPTEMBER

Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 4 um álestrartímabil 20. sept. – 10. okt.

Námskeið

Námskeið fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur hófust að ný eftir sumarfrí. Haldin mánaðarlega í húsa- kynnum RSK yfir veturinn.

Skatteftirlit

Árlegur fundur yfirmanna skatteftirlits á Norðurlöndum haldinn hér á landi

OKTÓBER

Álagning

Sendir út 19.015 skatt- og innheimtuseðlar vegna opinberra gjalda lögaðila

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (13.426 ökutæki)

Vefurinn rsk.is

Sjá viðmótsprófanir ehf unnu að greiningu á öllum vefjum RSK.

Ákvarðandi bréf á sviði óbeinna skatta birt á rsk.is

Prentverk

Boðin út prentun á framtölum, fylgiskjöllum, leiðbeiningum o.fl. í samvinnu við Ríkiskaup.

NÓVEMBER

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 4, um hlutafjármiða, launamiða og launaframtal

Vsk – fundur

Fundur um virðisaukaskatt með þeim sem koma að framkvæmd hans

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 122/2002 um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki

DESEMBER

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 5, um forskráningu launa og starfstengdra greiðslna.

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

Lög nr. 131/2002, um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda (vextir).

Lög nr. 133/2002, um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum (viðurlög, skilaskylda).

Lög nr. 134/2002, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum (lækkun gjalds o.fl.).

Lög nr. 135/2002, um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum (innheimta, skuldajöfnun o.fl.).

Lög nr. 150/2002, um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (gjald í Framkvæmdasjóð).

Lög nr. 152/2002, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (sérstakur tekjuskattur, rekstartap, vextir .ofl.).

Lög nr. 166/2002, um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum (skipting tekna).

Reglugerð nr. 939/2002, um innheimtu þinggjalda á árinu 2003.

Tíund

Þriðja tölublað ársins af Tíund kom út.

Prentverk

Samið við Flexus ehf um kaup á hugbúnaði vegna skráningar prentverka, birgðahalds, dreifingar á eyðublöðum og kostnaðaryfirliti.

Tölvumál

Samningar við Skýrr hf. endurskoðaðir og framlengdir um tvö ár.

Ákvörðun tekin um þátttöku í tilraunaverkefni um rafræn skilríki .

ÁLAGNING EINSTAKLINGA OG LÖGAÐILA

	2002 (þús. kr.)	2001 (þús. kr.)	Hlutfallsleg breyting	2002 Fjöldi	2001 Fjöldi	Hlutfallsleg breyting
Tekjuskattur	62.256.150	54.486.456	14,3%	150.151	142.844	5,1%
Einstaklingar	52.070.450	45.345.924	14,8%	142.207	135.308	5,1%
Lögaðilar	10.185.700	9.140.532	11,4%	7.944	7.536	5,4%
Eignarskattur	5.476.600	5.168.877	6,0%	70.522	72.489	-2,7%
Einstaklingar	3.424.740	3.183.454	7,6%	62.976	65.487	-3,8%
Lögaðilar	2.051.860	1.985.423	3,3%	7.546	7.002	7,8%
Iðnlána- og iðnaðarmálagjald	250.614	263.414	-4,9%	10.984	11.058	-0,7%
Einstaklingar	39.219	46.425	-15,5%	6.540	6.902	-5,2%
Lögaðilar	211.395	216.989	-2,6%	4.444	4.156	6,9%
Sérstakur tekjuskattur	1.421.350	1.575.882	-9,8%	12.853	15.144	-15,1%
Einstaklingar	1.421.350	1.575.882	-9,8%	12.853	15.144	-15,1%
Sérstakur eignarskattur	818.714	805.864	1,6%	37.409	39.842	-6,1%
Einstaklingar	368.177	368.217	0,0%	29.882	32.859	-9,1%
Lögaðilar	427.471	413.630	3,3%	7.527	6.983	7,8%
Fjármagnstekjuskattur	4.343.464	3.449.172	25,9%	76.216	78.667	-3,1%
Einstaklingar	4.143.683	3.290.298	25,9%	76.128	78.583	-3,1%
Lögaðilar	138.260	98.820	39,9%	88	84	4,8%
Tryggingagjald í staðgreiðslu	21.969.573	19.808.531	10,9%	28.236	29.349	-3,8%
Einstaklingar	1.588.312	1.555.077	2,1%	16.952	18.467	-8,2%
Lögaðilar	20.381.261	18.253.454	11,7%	11.284	10.882	3,7%
Tryggingagjald gjaldf. 1. nóv.	38.163	30.344	25,8%	7.207	6.773	6,4%
Einstaklingar	38.163	30.344	25,8%	7.207	6.773	6,4%
Slysatrygging v/heimilisstarfa	31.288	28.466	9,9%	78.212	71.162	9,9%
Einstaklingar	31.288	28.466	9,9%	78.212	71.162	9,9%
Útsvar	56.046.146	47.800.268	17,3%	217.440	214.716	1,3%
Einstaklingar	56.046.146	47.800.268	17,3%	217.440	214.716	1,3%
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	760.756	621.364	22,4%	157.639	152.857	3,1%
Einstaklingar	760.756	621.364	22,4%	157.639	152.857	3,1%
Búnaðargjald	476.194	489.904	-2,8%	3.475	3.675	-5,4%
Einstaklingar	379.758	388.263	-2,2%	3.258	3.460	-5,8%
Lögaðilar	96.436	101.641	-5,1%	217	215	0,9%
Samtals:	153.889.012	134.528.542	14,4%			
Fjöldi á grunnskrá				250.573	245.466	2,1%
Einstaklingar				224.914	221.514	1,5%
Lögaðilar				25.659	23.952	
Skattaafsláttur og bætur einstaklinga						
Barnabætur	4.464.839	4.423.530	0,9%	51.844	53.704	-3,5%
Afsl. til greiðslu útsvars	4.205.676	4.240.966	-0,8%	75.266	79.571	-5,4%
Afsl. til greiðslu eignarskatts	422.591	438.700	-3,7%	8.437	10.330	-18,3%
Afsl. til greiðslu sérst. eignarsk.	23.066	24.017	-4,0%	2.306	2.743	-15,9%
Afsl. til greiðslu fjármagnst.sk	61.521	60.054	2,4%	9.019	9.711	-7,1%
Vaxtabætur	4.733.599	4.334.649	9,2%	53.200	52.629	1,1%
Samtals til lækkunar:	13.911.292	13.521.916	2,9%			

ÁRSSKÝRSLA RSK 2002

Prentað í 500 eintökum í júlí 2003

Hönnun/umbrot: Anna P. Guðmundsdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

